ÁRSSKÝRSLA

2022

UNGMENNAFÉLAGIÐ
FJÖLNIR

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA 7

ÞRÓUN Á STARFI FÉLAGSINS 8
ÞRÓUNIN Í EGILSHÖLL 8
FÉLAGIÐ 9
VIÐBURÐIR 10
FRÍSK Í FJÖLNI 10

AÐALSTJÓRN 13

STARFSMENN FJÖLNIS 14

SKIPULAG FÉLAGSINS 16

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR 17

STEFNUMÁL OG GILDI 20
AÐSTÖÐUMÁL 22
STARFSEMI FÉLAGSINS 24
FJÁRMÁL 25
STYRKTARAÐILAR 30
VERKEFNIN FRAMUNDAN 31

FIMLEIKAR 35

ÁVARP FORMANNS 36
BANGSAR – KRÍLI – STUBBAR 37
GRUNNFIMLEIKAR 37
ÁHALDAFIMLEIKAR 38
HÓPFIMLEIKAR 38
ÆFINGAHÓPAR 38
PARKOUR 38
LEIKFIMI 60+ 38
VORSÝNING OG SUMARÆFINGAR 39
SUMARNÁMSKEIÐ FJÖLNIS 39
FIMLEIKASAMBANDSMÓT 39
ERLEND VERKEFNI OG ÚRVALSHÓPAR Á VEGUM FIMLEIKASAMBANDS ÍSLANDS: 40
LANDSLIÐSVERKEFNI 40
ÚRVALSHÓPAR 40
ÆFINGAFERÐIR 40
ÍÞRÓTTAKONA FIMLEIKADEILDAR 41
ÍÞRÓTTAKARL FIMLEIKADEILDAR 41

SKRIFSTOFA OG ÞJÁLFARAR 42

FRJÁLSAR 43

MÓTAHALD OG ÞÁTTTAKA Á MÓTUM 44
ÆFINGAR 45
ÍÞRÓTTAAFREK 46
FJÁRHAGUR 47
ÍSLANDSMEISTARAR Á ÁRINU 2022: 47
AÐSTÖÐUMÁL: 48
YFIRLIT YFIR STARFSEMI HLAUPAHÓPS FJÖLNIS STARFSÁRIÐ 2022 48

HANDBOLTI 50

SKÝRSLA STJÓRNAR 51
MEISTARAFLOKKUR KVENNA: 52
MEISTARAFLOKKUR KARLA: 52

ÍSHOKKÍ 54

AFREK FJÖLNISKEPPENDA Á ÁRINU 55
FRÉTTIR ÚR STARFINU 58

KARATE 59

INNGANGUR 60
ÞJÁLFARAR 61
STARFSÁRIÐ 62
FÉLAGSSTARFIÐ 63
KARATEIÐKENDUR ÁRSINS 64
SILFURMERKJATILNEFNINGAR 65
REKSTRARÁRANGUR 67

KNATTSPYRNA 68

BUR 69
MEISTARAFLOKKUR KVENNA 71
MEISTARAFLOKKUR KARLA 72

KÖRFUBOLTI 74

HELSTU AFREK ÁRSINS 2022 76
LANDSLIÐSHÓPAR 77

Þjálfarar 78
Yngri flokka starfið 78
Meistaraflokkar 79

LISTSKAUTAR 81

Skýrsla formanns 82
Fjármál 84
Starfsemi Listskautadeildar 84
Iðkendur 84
Þjálfarar 85
Þátttaka í innlendum mótum 85
Þátttaka á erlendum mótum 87
Framundan 87

SKÁKDEILD 88

Starfsemin 89

SUND 97

Þjálfarar 98
Mótamál 99
Sumarstarf 99
Iðkendamál 99

TENNIS 101

Fjármál 102
Aðstöðumál 102
Æfingar 102
Farsóttin 102
Framtíðarhorfur 102
Framtíðarhorfur 103

UPPSKERUHÁTIÐ 107

Fjölnismaður ársins 2022 108
Íþróttafólk ársins 2022 109
Íþróttafólk ársins 110
Silfurmerkjahafar 112
Gullmerkjahafar 112

FRAMTÍÐ HVERFISINS 114

UMF. FJÖLNIR ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐU 2022 **116**

SKÝRSLA STJÓRNAR **117**
REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2022 **118**
EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2022 **119**
YFIRLIT DEILDA ÁRIÐ 2022 **120**
YFIRLIT DEILDA ÁRIÐ 2022 **121**
YFIRLIT DEILDA ÁRIÐ 2021 **122**
YFIRLIT DEILDA ÁRIÐ 2021 **123**

20.000 HEIMILI ERU TENGD VIÐ

ÓDÝRARA RAFMAGN

Skiptu líka. Það margborgar sig.

Við notum öll meira rafmagn en við höldum. Þess vegna getur þú sparað meira en þig grunar með því að skipta yfir til okkar í ódýrara rafmagn. Það tekur enga stund. Viltu ekki vera með? Gakktu í málið á n1rafmagn.is byrjaðu strax að spara!

SKIPTU NÚNA

440 1000 N1.is

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-008750

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Guðmundur L. Gunnarsson framkvæmdastjóri

Árið 2022 er árið sem við gátum sett allt okkar starf aftur í gang eftir faraldurinn. Þetta er árið sem okkur var loksins kleift að halda viðburði okkar á ný. Það var mjög ánægulegt að sjá börn og aðra komast aftur á fulla ferð í starfið hjá Fjölni. Við héldum stefnumótunarfund í lok október á Hótel Örk í Hveragerði þar sem góður hópur af fólki úr flestum deildum félagsins ásamt starfsfólki og aðalstjórnarfulltrúum kom saman og ræddu stefnu og rekstur félagsins.

Málin sem við tókum fyrir á stefnumótunarfundinum;

- Rekstur meistaraflokka
  - Efla umgjörð og styrkja verulega fjármögnun til stuðings við meistaraflokka félagsins.
- Fjölgreinafélag vs að velja fáar greinar (brjóta félagið upp)
  - Flestir vilja að félagið sé fjölgreinafélag og haldi áfram að veita gott þjónustuframboð fyrir okkar iðkendur en jafnframt kom það skýrt fram að Reykjavíkurborg er ekki að meta það að fullu og í raun er félagið fjárhagslega verr statt í samskiptum sínum við Reykjavíkurborg en ef félaginu væri til dæmis skipt upp í tvö jafnstór félög, Fjölnir A og Fjölnir B og þau væru samt á meðal stærstu félaga í Reykjavík hvað varðar iðkendur.
- Gæði þjálfunar
  - Aðilar voru sammála um að nauðsynlegt væri að koma á betri samfellu í yfirumsjón með þjálfun, þjálfurum og hvernig þjónustan er veitt. Til að ná þessu þarf að ráða starfsmann til að stíga næstu skref.

- Sjálfboðaliðinn
    - Sjálfboðaliðar vinna gríðarlega mikilvægt starf hjá Fjölni og fyrir samfélagið okkar við gætum varla starfað án framlags fólks sem gefur vinnu sína.
    - Ávinningurinn sem skapast af starfi þeirra kemur fram í jákvæðum áhrifum á börn og unglinga og fyrirbyggjandi atriðum sem tengjast heilsu og sjúkdómum, að því er fram kemur í nýlegri bók dr. Ágústs Einarssonar, Íþróttir hérlendis í alþjóðlegu samhengi.
    - Það er því mikilvægt að passa upp á þessa auðlind og hvetja til þátttöku í starfinu fyrir félagið og samfélagið.
    - Alþjóðlegur dagur sjálfboðaliða er 5. desember ár hvert.

Góð umræða var um málefnin og almennt álit að félagið sé á góðri leið en mörg spennandi og krefjandi verkefni eru framundan. Stefnumótunarumræða er tekin á tveggja ára fresti.

Þróun á starfi félagsins

- Markmið okkar eru skýr að þróa félagið áfram með bættri aðstöðu og efla árangur í keppni afreksliða og einstaklinga hjá félaginu ásamt því að sinna sífellt stærri og fjölbreyttari hópi af iðkendum á öllum aldri sem vilja nýta sér þjónusta og tengjast félaginu. Stærsta hátíð félagsins er þorrablót Grafarvogs sem fór fram 12. mars í ár og var ellefta þorrablót félagsins.
- Fjölnir gerði sinn fyrsta félags- og búningasamning fyrir allt félagið á árinu við Margt Smátt. Allir eru í eins félagsfatnaði frá Puma en boltagreinarnar eru líka í Puma keppnisbúningum. Mikil ánægja er með þetta skref og hófs innleiðing á haustmánuðum og stendur enn yfir.

Þróunin í Egilshöll

- Ná samningum um nýjan keppnisvöll í knattspyrnu við Egilshöll
- Þróun á útisvæði í kringum aðalkeppnisvöll

- Klára stækkun á skrifstofu
- Ný fundaraðstaða
- Þróun á félagssvæðinu uppi á skautasvelli
- Gera Fjölnishöll að keppnisvelli
- Efla félagsaðstöðu
- Stúka í Fjölnishöll er komin og rúmar tæplega 800 manns

Frístundaakstur var keyrður allt árið 2022 en aðalmarkmiðið með þessu er að aðstoða fjölskyldur og börn í 1. – 2. bekk að mæta strax til æfinga eftir skóla og vera búin með sinn vinnudag kl. 16. Geta þar með notið þess að vera með fjölskyldunni eftir það. Þetta er líka umhverfisvæn þjónusta, minnkar skutl og gerir sumum börnum einfaldlega kleift að stunda íþróttir. Einnig hafa þessir snemmtímar góð áhrif á nýtingu mannvirkja.

Það er ljóst að áhugi hjá Reykjavíkurborg er takmarkaður og erum við nær því að leggja þetta niður en að halda áfram sem er ekki góð niðurstaða fyrir alla hlutaðeigandi.

Markaðs- og kynningarstarfið hjá félaginu hefur þróast markvisst í rétta átt á árinu í takt við okkar áherslur. Notkun á skjáum félagsins í Dalhúsum, Fjölnishöll, skautasvellinu og í anddyri Egilshallar hafa aukist og notkun samfélagsmiðla er orðin markvissari og skipulagðari

Félagið

Félagið er eitt stærsta félag landsins og var reksturinn krefjandi þar sem stærð félagsins, fjölbreytt úrval á þjónustu, auknar kröfur frá iðkendum, foreldrum, afrekshópum og samfélaginu veldur því að við höfum þróast hraðar heldur en stuðningur Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir. Ekkert hefur komið enn fram með aukinn rekstrarstyrk í samræmi við stærð félagsins og því heldur ójafnræðið áfram þar sem iðkendur hjá Fjölni fá minna en iðkendur minni félaga.

Á okkar samningssvæði eru spennandi hlutir framundan, sbr Bryggjuhverfið, Höfðahverfið, Keldnaland ásamt Gufunesi sem stækkar hratt þessa mánuðina. Hér er

mikilvægt að horft sé á þessa hluti þegar aðstöðumál og rekstrarmál eru rædd við Reykjavíkurborg.

Viðburðir

Viðburðarhald fór allt í gang á árinu eftir dapurt árið 2021. Félagið spilaði mörg hundruð leiki á árinu, haldin voru mörg mót hjá öllum deildum ásamt félagslegum viðurðum á árinu.

Hérna eru taldir upp nokkrir af stærstu viðburðum ársins.

- Fjölnismótið í körfubolta – Fjölnishöll og Dalhús
- Íslandsmót skákfélaga – Fjölnishöll
- Appelsínmót í knattspyrnu – Dalhús grasvellir
- Bikarmót í hópfimleikum – Dalhús
- Íslandsmót í handbolta – Fjölnishöll og Dalhús
- Sundmót – Laugardalslaug
- Listskautamót – Egilshöll skautasvell
- Hokkímót – Egilshöll skautasvell
- Frjálsíþróttamót – Laugardalur
- Fjölnishlaupið – elsti viðburður Fjölnis
- Jóla- og vorsýningar í mörgum deildum
- Uppskeruhátíð Fjölnis fór fram 15. desember að viðstöddum um 100 manns. Veitt voru verðlaun fyrir íþróttafrek ársins, gull- og silfurmerki sjálfboðaliða ásamt vali á íþróttakarli og -konu. Þar að auki var Fjölnismaður ársins heiðraður fyrir ómetanlegt strarf í þágu félagsins.

Frísk í Fjölni

Við fórum í gang með verkefnið Frísk í Fjölni í samstarfi við Fríðu Karen Gunnarsdóttur og Evu Katrínu Friðgeirsdóttur en þær hafa unnið mjög gott starf við að þróa æfingar fyrir eldri borgara. Verkefnið hefur fór vel af stað og er kennt á mánudögum og miðvikudögum fyrir hádegi. Um 50 manns eru skráð og greiða þau 37.500 kr fyrir

tímabilið janúar til maí. Við vonumst til að þróa þetta ennfrekar og sjáum fyrir okkur að þetta verði á milli 200-300 manns innan tveggja ára.

Við erum líka með leikfimi fyrir eldri borgarar í samstarfi við Korpúlfa en þeir eru á þriðjudögum og fimmtudögum og þar er ekki tekið gjald fyrir enda eru þar þjálfarar sem þiggja ekki greiðslur fyrir sína vinnu.

Við erum mjög ánægð með að geta boðið eldri borgurum þjónustu sem eflir heilbrigði og styrkir félagsþáttinn.

Sjálfboðaliðar og stjórnarfólk hafa lagt sig fram við að koma starfinu aftur í gang og sýnt það enn og aftur að þeir hafa metnað og getu til að takast á við stór og smá verkefni. Mikið mæðir oft á formönnum deilda og vil ég þakka þeim sérstaklega fyrir óeigingjarnt og gott starf en án þeirra, annara stjórnarmanna og sjálfboðaliða yrði lítið um íþróttastarf fyrir börnin okkar.

Ég vil jafnframt nota tækifærið og þakka öllum fyrir samstarfið á árinu, sérstaklega þakka ég samstarfsmönnum mínum fyrir mikinn áhuga og metnað fyrir hönd félagsins. Á árinu hætti einn starfsmaður hjá félaginu, Eva Björg Bjarnadóttir markaðsstjóri og starfsmaður listskautadeildar og þakka ég henni fyrir samstarfið. Hildur Björk Scheving kom svo í hópinn sem markaðsstjóri.

Einnig þakka ég stjórnarfólki fyrir gott samstarf.

Starfsfólki Knatthallarinnar þakka ég fyrir gott samstarf á árinu sem og öllum öðrum sem við störfum með.

Árið 2023 verður tileinkað innra starfi hjá félaginu ásamt innleiðingu á skráningarkerfinu XPS og eflingu viðburða. Það er mjög mikilvægt að innleiðing á Puma félagsvörum gangi hratt og vel fyrir sig, það mun hjálpa til við að efla og styrkja liðsheildina hjá Fjölni ásamt ásýnd þess.

Fjölnir verður alltaf #FélagiðOkkar í mannlífinu í Grafarvogi og austurborg Reykjavíkur.

#FélagiðOkkar

FYRIR FALLEGT BROS

HJÁLPAR AÐ FJARLÆJA BLETTI OG VIÐHALDA NÁTTÚRULEGA HVÍTLEIKA TANNANNA

WRIGLEY'S Extra®

AÐALSTJÓRN

Jón Karl Ólafsson

Formaður

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

Varaformaður

Guðlaug Björk Karlsdóttir

Gjaldkeri

Jósep Grímsson

Ritari

Hreinn Ólafsson

Meðstjórnandi

Gunnhildur Einarsdóttir

Meðstjórnandi

Olga Björney Gísladóttir

Meðstjórnandi

STARFSMENN FJÖLNIS

Guðmundur L. Gunnarsson

Framkvæmdastjóri

Málfríður Sigurhansdóttir

Skrifstofustjóri

Arnór Ásgeirsson

Íþróttastjóri

Ragnheiður G. Jóhannesdóttir

Bókari

Hildur Björk Scheving

Markaðsstjóri

Aron Eyrbekk Gylfason

Rekstrar- og vallarstjóri í Dalhúsum

Boban Ristic

Starfsmaður Dalhúsa

Alexandra Asaciova

Starfsmaður Dalhúsa

Íris Svavarsdóttir

Rekstrarstjóri fimleikadeildar

Berglind Bjarnadóttir

Verkefnastjóri fimleikadeildar

Björn Breiðfjörð Valdimarsson

Yfirþjálfari knattspyrnudeildar

Luka Kostic

Yfirþjálfari knattspyrnudeildar

SKIPULAG FÉLAGSINS



SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR

Jón Karl Ólafsson, formaður

Rekstur á árinu 2022 var heldur erfiðari en árin á undan. Það vekur athygli, að þetta er í raun fyrsta rekstrarár, þar sem rekstur er í nokkuð eðlilegur fari eftir COVID árin. Afkoman er hins vegar verri en árin 2020 og 2021. Það eru nokkrar væntanlegar skýringar á þessu. Í fyrsta lagi hefur verið aðeins þungt að koma eðlilegum rekstri í farveg og við höfum ekki alveg náð aftur þeim fjölda iðkenda, sem voru hjá félaginu áður en faraldur skall á. Við vonum þó að þetta fari fljótt í samt horf og við erum að sjá fjölgun iðkenda í flestum deildum núna í ársbyrjun 2023. Önnur skýring er sú, að afreksstarf er komið á fullt og kostnaður við það starf hefur vaxið. Tekjur hafa hins vegar ekki vaxið eins hratt. Áhorfendur hafa aðeins látið bíða eftir sér og auk þess munaði verulega um rekstrarstyrki, sem komu frá ríki og borg til að minnka áhrif COVID á rekstur íþróttafélaga. Vonandi sjáum við meiri kraft í mætingu á viðburði á þessu ári enda er það mjög mikilvægt til að tryggja betri árangur afreksfólksins okkar.

Eins og áður, er starf íþróttafélaga mjög háð samstarfi við opinbera aðila og fyrirtæki í atvinnulífinu. Nú virðist vera nokkuð bjart framundan í atvinnulífinu, sérstaklega ef tekst að ná tökum á verðbólgu og ef að góður friður helst á vinnumarkaði. Við erum í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg um rekstur mannvirkja og framlag vegna frístundarstyrkja. Það er hins vegar mjög lítil aðstoð frá borginni vegna afreksstarfs íþróttafélaga. Samanburður við nágrannasveitafélög sýnir, að þar er mun meira lagt í stuðning við afrekstarf þeirra félaga, enda er það órjúfanlegur þáttur í því að hvetja iðkendur til að stunda íþróttir. Það verður að móta stefnu í þessum málum hjá Reykjavíkurborg. Það veldur aðeins áhyggjum, að fjárhagur borgarinnar er nokkuð erfiður og það má reikna með einhverjum skerðingum í framlögum til íþróttafélaga á næstu misserum. Ef að af verður, þá verður það erfitt fyrir íþróttafélögin að bjóða eins fjölbreytta og góða þjónustu og veitt er í dag.

Það er mjög lítil bein aðkoma ríkisvaldsins að rekstri íþróttafélaga, þar sem nær allt framlag þar til íþróttamála fer til sérsambanda. Við höfum bent á, að rétt væri að skoða hvort að hægt væri að styðja við starf íþróttafélaga með því að mögulega lækka skatta og gjöld vegna launa, sem íþróttafélög greiða. Þetta gæti bæði hjálpað til við rekstur félaganna og einnig leitt til þess, að notkun verktakasamninga hjá íþróttafélögum gæti minnkað. Þetta hefur ekki hlotið hljómgrunn, en vonandi verður áfram reynt að vinna í að skoða leiðir í þessum málum.

Árangur í afreksstarfi okkar var misjafn á síðasta ári. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu missti sæti sitt í Lengjudeild á síðasta tímabili og mun spila í 2. deild á þessu ári. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu var einu sæti frá því að ná upp um deild og við munum því aftur spila í Lengjudeild á þessu ári. Það er alveg ljóst, að stefnan er sett á að ná báðum meistaraflokkum upp um deild á þessu ári. Meistaraflokkur karla og kvenna í handknattleik spila bæði í Grill 66 deild. Kvennaliðinu hefur ekki gengið sem skildi og eru þær sem stendur í neðsta sæti deildarinnar. Karlaliðið mun líklega ná í úrslitakeppni deildarinnar, en þeir eru nokkuð frá efstu liðum í deildinni. Meistaraflokkur karla í körfubolta spilar í 1. deild karla og eru þar í baráttu um að komast í úrslitakeppnina í vor. Meistaraflokkur kvenna hefur hins vegar átt aðeins erfitt ár, eftir frábæran árangur á síðasta ári. Þær hafa verið í neðri hluta Subway deildar kvenna á árinu, en hafa líklega náð að tryggja áframahaldandi veru í deild hinna bestu á næsta ári. Þær munu hins vegar líklega ekki ná að spila í úrslitakeppni deildarinnar eins og á síðasta ári. Karla og kvennaliðin okkar í íshokkí hafa staðið sig vel á árinu og kvennaliðið komst í úrslitakeppni Íslandsmótsins og spilaði þar gegn SA. Því miður lauk þeim viðureignum með sigri SA og við óskum þeim til hamingju með titilinn.

Okkar frábæra íþróttafólk okkar í einstaklingsgreinum átti gott ár eins og vanalega. Bjarni Anton Theódórsson átti besta tíma ársins í 400m hlaupi og hann var í boðhlaupssveit Fjölnis, sem varð Íslandsmeistari í 4x400m boðhlaupi. Vilhelmína Þór Óskarsdóttir náði 5 besta árangri ársins í 200m og 400m hlaupi. Sigurður Ari Stefánsson varð Íslandsmeistari unglinga í áhaldafimleikum og keppti auk þess erlendis með landsliði Íslands. Lilja Katrín Gunnarsdóttir var valin í úrvalshóp unglinga

og æfingahóp fyrir Norðurlandamót unglinga. Karatefólk ársins, Eydís Magnea Friðriksdóttir og Gabríel Sigurður Pálmason stóðu sig mjög vel á árinu.

Listskautadeildin hefur gegnið vel á árinum, með Júlíu Sylvíu Gunnarsdóttir í fararbroddi, en hún er landsliðskona í Junior flokki. Skákfólkið okkar hefur einnig verið að gera góða hluti á árinu. Skákdeildin átti 6 manna sveit á EM félagsliða, Lisseth Acevedo Méndez, eins af 4 landsliðskonum okkar vann kvennaflokkinn á skákmóti í Gautaborg og hún tefldi með landsliðinu á Ólympíuskákmóti á Indlandi. Tenniskonan Saulé Zukauskaité náði bestum árangri tennisfólksins okkar á árinu. Sunddeildin hefur aðeins verið í lægð, en þar er öflug uppbygging og mikið af efnilegum ungmennum í ungri hópum. Stigahæsta sundfólk deildarinnar eru þau Kristján Gylfi Þórisson og Coco Margrét Johansson. Það verður áhugavert að fylgjast með iðkendum okkar áfram á komandi árum.

Það er sem fyrr alveg ljóst hver stefna okkar er í afreksmálum. Fjölnir á að vera í fremstu röð í þeim greinum, sem í boði eru hjá félaginu ! Það er mikil vinna framundan til að tryggja, að ná þessum markmiðum og ég vil áfram hvetja okkar frábæra fólk til að vinna saman að þessu marki. Þetta tekur tíma, en við höfum allt sem þarf til – frábært félag, góða aðstöðu og fyrst og síðast frábæra iðkendur og sjálfboðaliða.

Fjárhagsstaða félagsins er áfram sterk, þrátt fyrir neikvæða afkomu ársins 2022. Eigið fé félagsins er áfram jákvætt og skuldir við lánastofnanir eru óverulegar. Það er þó alveg ljóst, að til að ná enn betri árangri í afreksstarfi félagsins þarf að koma til meira fjármagn, til að félagið verði samkeppnishæft við önnur íþróttafélög. Við verðum því að taka höndum saman og fá fleiri velunnara til félagsins, auk þess sem við verðum að halda áfram samtali við Reykjavíkurborg um hvort og þá hvernig borgin gæti komið betur að stuðningi við afreksstarf íþróttafélaga, til að tryggja enn betur samkeppnisstöðu félaganna við önnur íþróttafélög. Félagið okkar er vel í stakk búið til að taka næstu skref í því að byggja upp enn sterkara afreksstarf hjá Fjölni.

Stefnumál og gildi

Við höfum haldið vel í þá hefð, að hittast reglulega til að ræða helstu stefnumál Fjölnis og fara yfir gildi og markmið félagsins. Þetta gerum við a.m.k. á tveggja ára fresti. Þann 29.október s.l. fór fríður hópur Fjölnisfólks til Hveragerðis og við ræddum þar málefni félagsins á skemmtilegum fundi. Niðurstaða fundar var, að við viljum enn skilgreina félagið sem fjölgreinafélag, sem hefur það markmið að skapa bestu og fjölbreyttustu aðstöðu til íþróttaiðkunar fyrir okkar frábæra íþróttafólk. Það var hins vegar rætt, að það verður að ræða við Reykjavíkurborg um stefnu og markmið hennar varðandi framboð íþrótta í hverfum borgarinnar. Það hefur legið fyrir lengi, að framlag til reksturs frá borginni tekur lítið mið af stærð íþróttafélaga. Fjölnir er stærsta íþróttafélag landsins þegar litið er til heildarfjölda iðkenda. Við erum mjög stolt af þeirri stöðu, en stærðin hefur einnig ákveðið flækjustig í för með sér. Það þarf að halda utan um skráningar mikils fjölda iðkenda og það þarf einnig að halda utan um aðskilin rekstur hverrar deildar. Félagið heldur einnig utan um rekstur 8 meistaraflokka í afreksstarfi. Allt þetta kallar á mikla vinnu, en eins og áður segir endurspeglast það ekki í framlagi borgarinnar til reksturs félaganna. Það var því mótuð sú stefna á fundinum, að við verðum að fá svör frá Reykjavíkurborg, hvernig ráðamenn þar á bæ vilja móta stefnu til framtíðar. Stærð íþróttafélaga verður að hafa meira virði, þegar styrkir og framlög til rekstrar eru til skoðunar.

Við höfum tekið þátt í starfi nefndar á vegum ÍBR, þar sem m.a. þessi mál hafa verið til umræðu. Nú liggja fyrir hugmyndir um, að samningum verði breytt í framtíðinni, þannig að stærð félaga, þ.e. fjöldi deilda og iðkenda muni ráða meiru um framlög til rekstur íþróttafélaga. Umræður um framlög hafa allt of mikið snúist um uppbyggingu aðstöðu fyrir félögin, en minni áhersla hefur verið lögð á sjálfbæran rekstur félaganna. Það er ljóst, að kostnaður við rekstur hefur vaxið hratt og þá sérstaklega vegna afreksstarfs. Það verður einfaldlega að fara að horfa til framtíðar um hvernig rekstrarumhverfi íþróttafélaga gæti litið út eftir 10-15 ár. Það verður mjög áhugavert að sjá hvernig farið verður með þessar hugmyndir sem vinnuhópur ÍBR hefur verið að vinna með. Þar er bæði fjallað um, að rekstrarframlög til íþróttastarfs verði tengt meira stærð félaga, en einnig eru þarna hugmyndir um mögulega aðkomu Reykjavíkurborgar að uppbyggingu

afreksstarfs innan félaganna. Mörg nágrannasveitafélög styðja myndarlega við bæði ungmenna- og afreksstarf íþróttafélaga innan þeirra raða og það eru ákveðin merki um, að samkeppnisstaða íþróttafélaga í Reykjavík sé að versna í þeim samanburði. Það er enn mitt mat, að gríðarlega tækifæri liggi í stærð Fjölnis og þeim mikla auði, sem sú stærð skapar. Það verður hins vegar að tryggja það, að rekstur okkar og annarra íþróttafélaga verði sjálfbær á næstu árum og áratugum.

Megingildi Fjölnis eru sem fyrr fjögur og ég vil sem fyrr hvetja alla iðkendur, starfsmenn, sjálfboðaliða og aðstandendur til að hafa þau að leiðarljósi í öllu starfi okkar hjá félaginu:



Í þeim hugmyndum sem vinnuhópur ÍBR hefur lagt fram, er ekki aðeins tekið tillit til stærðar íþróttafélaga, heldur er einnig reynt að tengja rekstur við þær breytingar sem hafa orðið í kröfum til félaganna. Þannig er einnig fjallað um kynjahlutföll iðkenda hjá félögum, mælingar á þjónustu félaga við iðkendur sína og þau tækifæri, sem félögin bjóða til sem flestra hópa í fjölmenningarþjóðfélagi nútímans. Kynjahlutfall iðkenda hjá okkur er ótrúlega jafnt og við höfum það markmið að viðhalda þeirri stöðu. Við reynum einnig að jafna sem best hlutfall kynja í stjórnum og ráðum hjá félaginu og er það í samræmi við stefnu félagsins. Félaginu er sem fyrr skipt í 12 deildir og fagleg vinna innan félagsins að mestu unnin í deildum Fjölnis og stjórnir deilda vinna þar frábært starf og bera auk þess ábyrgð á daglegum rekstri hverrar deildar fyrir sig. Meginverkefni aðalstjórnar eru sem fyrr fjármál félagsins í heild, stefnumótun og samræming starfseminnar. Aðstöðumál félagsins hafa einnig tekið mikið af tíma aðalstjórnar. Það verður seint ítrekað, að starf íþróttafélaga byggir gríðarlega mikið á

óeigingjörnu framlagi sjálfboðaliða. Án þeirra er rekstur félagsins einfaldlega ekki mögulegur. Ég vil fyrir hönd félagsins færa öllum þeim sem starfa fyrir félagið, starfsmönnum, stjórnarmönnum hjá deildum og öðrum sjálfboðaliðum okkar bestu þakkir fyrir framlag þeirra til Fjölnis.

Aðstöðumál

Það má segja, að bylting hafi orðið í aðstöðumálum félagsins á undanförnum árum. Það verður hins vegar líklega aldrei endanleg niðurstaða í þeim málum og enn eru ýmis mál óklárað. Keppnisaðstaða hefur áfram færst nær Egilshöll og nú er komin stór og glæsileg stúka í Fjölnishöllina við Egilshöll, þar sem unnt verður að keppa bæði í handknattleik og körfubolta við bestu aðstæður. Það hefur þó ekki endanlega verið gengið frá búningsaðstöðu og einnig á eftir að finna bestu leið til að þjóna áhorfendum sem best, bæði með aðkomu að húsinu, en ekki síður þjónustu á meðan á viðburðum stendur. Verið er að vinna í að finna lausnir á þessu og vonandi verður þessi nýja og glæsilega keppnisaðstaða komin í fulla notkun fyrir næstu leiktíð.

Það er ljóst, að oft er þörf á mikilli þolinmæði, þegar rætt er um nauðsynlegar breytingar á mannvirkum. Því miður er ekki enn komin endanleg lausn í samþykkta keppnisaðstöðu fyrir knattspyrnu hjá Fjölni. Við höfum áfram horft til tveggja mögulegra lausna. Annar er að byggja upp við núverandi aðstöðu við Extravöllinn við Dalhús. Sá kostur sem við höfum hins vegar talið betri, er að byggja þessa aðstöðu við Egilshöll og tengja þannig betur saman meginstarfsemi félagsins. Tillögur um glæsilega uppbyggingu á svæðinu hafa nú legið hjá borginni í rúmt ár og hefur reynst erfitt að fá endanlega niðurstöðu í málið. Eigandi Egilshallar, Reginn hf. býðst áfram til að byggja glæsilega áhorfendaaðstöðu við nýjan knattspyrnuvöll, sem yrði tengd við fleiri mannvirki, sem þeir hafa áhuga á að byggja á svæðinu. Í þessum tillögum er gert ráð fyrir að snúa núverandi gervigrasvelli og setja þar nýjan upphitaðan og upplýstan keppnisvöll. Gert er ráð fyrir að byggja 4-5 hæða byggingar í kringum völlinn, til að mynda skjól fyrir ríkjandi vindáttum á svæðinu. Kostir þessa svæðis eru nokkuð augljósir, þar sem næg bílastæði eru á svæðinu og þar er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu almannasamgangna á næstu árum.

Aðstaða fyrir skautaíþróttir er áfram góð í Egilshöll, en ennþá á eftir að klára nokkur aðkallandi viðhaldsmál, sem dregist hafa á undanförnum árum. Búningsaðstaða er ekki nægilega góð og auk þess þarf að finnan endanlegt og betra skipulag á svæðum í kringum skautasvellið. Fimleikahöllin hefur áfram sannað gildi sitt enda ein glæsilegasta fimleikaaðstaða í borginni. Aðstaða fyrir frjálsar íþróttir hefur lagast mikið með tilkomu Fjölnishellisins í austurenda Egilshallar. Þar er loksins komin aðstaða, sem sérstaklega nýtist vel fyrir yngri iðkendur félagsins. Afreksfólkið okkar æfir hins vegar áfram í Laugardal, með öðru afreksfólki í frjálsum íþróttum.

Tilkoma nýrrar sundlaugar í Úlfarsárdal hefur bætt heldur aðstöðu sunddeildar félagsins. Eins og fram hefur komið, þá sér Fjölnir um æfingar og þjálfun í sundi í Úlfarsárdag. Allir yngri flokkar æfa nú í Grafarvogslaug og Úlfarsárlaug, en afreksfólkið æfir sem fyrr í Laugardalslaug með öðru afreksfólki í Reykjavík.

Engar breytingar hafa orðið á aðstöðu fyrir tennis og karate á árinu. Tennisfólkið okkar sækir æfingar að mestu í Kópavogi og Karatedeildin er enn með aðstöðu í kjallara Egilshallar, en aðstaðan er löngu sprungin og takmarkar vaxtamöguleika deildarinnar.

Annað mál, sem tekið hefur langan tíma að klára er stækkun á skrifstofuhúsnæði Fjölnis og í framhaldi af því til stækkunar á félagsaðstöðu, sem er tengd núverandi skrifstofu. Núverandi aðstaða er löngu sprungin og við verðum að fá niðurstöðu í þessi mál sem fyrst. Það er mikil ásókn í félagsrýmið á skrifstofunni og er það frábært, en við verðum að ná að stækka plássið til að byggja upp aðstöðu fyrir þá, sem þangað vilja leita og auk þess vantar aðstöðu fyrir þjálfara hjá félaginu.

Fasteignafélagið Reginn á og rekur öll mannvirki í Egilshöll og leigir aðstöðuna til Reykjavíkurborgar fyrir íþróttastarf í borginni. Samstarfið við Reginn er mjög gott og félagið hefur reynst okkur vel í uppbyggingu á svæðinu. Reginn hefur enn áhuga á að halda áfram uppbyggingu á mannvirkjum, sem tengjast íþróttastarfi á svæðinu og við verðum að fara að fá niðurstöðu í þeim málum hið fyrsta. Það er gert ráð fyrir, að íbúum muni fjölga á næstu árum í hverfinu, sérstaklega þegar uppbygging í Keldnaholti byrjar. Það verður því þörf á allri þeirri aðstöðu sem mögulega er hægt að fá á næstu árum. Ég vil nota þetta tækifærið til að þakka Helga, Sunnu og öllu starfsfólki Regins

fyrir frábært samstarf. Reginn er nú stærsti einstaki styrktaraðili Fjölnis og fyrir það erum við óendanlega þakklát.

Í áætlunum Fjölnis er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að aðstaða við Dalhús og á Extravellinum muni áfram nýtast félaginu til æfinga og keppni. Grasvöllurinn við Dalhús er einn besti grasvöllur í borginni og við teljum rétt að þar verði áfram hægt að stunda æfingar og keppni. Keppnisaðstaða fyrir innibolta í Dalhúsum mun einnig nýtast félaginu, þar sem við miðum við að félagið halda áfram að stækka og dafna á komandi árum.

Starfsemi félagsins

Skipulag á daglegum rekstri félagsins er með svipuðum hætti og undanfarin ár. Innheimta iðkendagjalda og önnur innheimta fer öll fram í gegnum skrifstofu félagsins og greiðsla allra reikninga, allra deilda fer einnig þar í gegn. Félagið hefur á að skipa frábæru starfsfólki, sem gegnir lykilhlutverki í rekstri félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins eins og undanfarin ár er Guðmundur L. Gunnarsson, en hann sinnir einnig stöðu fjármálastjóra. Auk þess starfa á skrifstofunni Málfríður Sigurhansdóttir, sem er skrifstofustjóri, Ragnheiður G. Jóhannesdóttir, sem sér um færslu á bókhaldi, Arnór Ásgeirsson, sem er í starfi íþróttastjóra og Hildur Björk Scheving er markaðsstjóri.

Luka Kostic og Björn Breiðfjörð Valdimarsson skipta yfirþjálfarateymi yngri flokka í knattspyrnu, Íris Svavarsdóttir, rekstrarstjóri fimleikadeilda og Berglind Bjarnadóttir, verkefnastjóri fimleika, hafa einnig aðstöðu á skrifstofu félagsins í Egilshöll. Í Dalhúsum ræður nú ríkjum Aron Eyrbekk Gylfason, rekstrar- og vallarstjóri, með honum störfuðu Boban Ristic og Alexandra Asaciova við hússtjórn og rekstur íþróttahússins í Dalhúsum, auk starfsmanna sem koma til tilfallandi starfa, sérstaklega yfir sumartímann.

Fjölnir er stór vinnustaður og auk fastra starfsmanna starfa reglulega um á bilinu 180-190 manns við þjálfun og önnur verkefni hjá hinum ýmsu deildum félagsins. Það verður seint fullmetið mikilvægi sjálfboðaliða í starfi félags eins og Fjölnir. Það er nær ómögulegt að vita með vissu hver fjöldi sjálfboðaliða er hverju sinni, en þeir hlaupa á hundruðum. Sjálfboðaliðar eru gríðarlega mikilvægir fyrir starfsemi Fjölnis. Það eru

ótalin ársverk í mönnun stjórna deilda, meistaraflokksráða, barna- og unglingaráða, vinnuhópa eða mönnun hinna margvíslegu viðburða sem eru haldnir reglulega ávegum félagsins og öll þau ótal verkefni sem til falla við slíkan rekstur. Ég vil ítreka persónulegar þakkir til allra starfsmanna og sjálfboðaliða frábær störf þeirra og gott samstarf á árinu og á undanförnum árum. Án ykkar væri starf félagsins einfaldlega ómögulegt.

Í aðalstjórn Fjölnis starfsárið 2021 sátu: Jón Karl Ólafsson, formaður, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, varaformaður, Guðlaug Björk Karlsdóttir, gjaldkeri, Jósep Grímsson, ritari og síðan Gunnhildur Einarsdóttir, Olga Björney Gísladóttir og Hreinn Ólafsson sem meðstjórnendur. Í varastjórn voru Árni Hermannsson og Valgerður Sigurðardóttir. Sem fyrr eru reglulegir stjórnarfundir haldnir mánaðarlega, en frí er tekið í júlímánuði. Ef sérstök mál koma upp, þá er boðað til aukafunda ef nauðsyn var. Ég vil fá að þakka öllum meðstjórnendum mínum fyrir frábært samstarf og ómetanlega vinnu á árinu.

Fjármál

Það má segja, að afkoma ársins hjá Fjölni teljist viðunandi miðað við aðstæður. Það er örlítill rekstrarhagnaður á árinu 2022, en þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnsliða er heildartap félagsins tæpar 6 milljónir á rekstrarárinu 2022. Sem fyrr hafa starfsmenn félagsins og stjórnir deilda unnið gríðarlega gott starf og jafnvel þrekvirki í oft gríðarlega erfiðum aðstæðum. Rekstur margra deilda var erfiður á árinu og á það sérstaklega við um afreksstarf í hópíþróttum félagsins. Með samstarfi deildarstjórna og aðalsjóðs hefur tekist að halda rekstri flestra deilda í viðunandi horfi. Hagnaður af rekstri er í sjálfu sér ekki markmið í rekstri íþróttafélaga, en það er þó alveg ljóst, að félög verða að vera í stakk búin til að mæta óvæntum uppákomum og jafnvel áföllum í rekstri. Okkur hefur verið tíðrætt um sjálfbærni í rekstri íþróttafélaga og það er mikil þörf á því, að fara að ræða framtíðarskipulag þessara mála. Mörg félög eru í erfiðum rekstri og það er ljóst að núverandi rekstrarfyrirkomulag er í flestum tilfellum ekki sjálfbært. Í stefnumiður Fjölnis er rætt um „ábyrga fjármálastjórn“ sem eitt af okkar markmiðum. Þetta hefur leitt til þess, að við höfum náð að halda kostnaði lægri en hjá mörgum samkeppnisfélögum okkar, en það má leiða líkum að því, að það komi með

einhverjum hætti niður á árangri okkar í afreksstarfi. Það liggur fyrir, að aukið fjármagn þarf í rekstur meistaraflokka, til að félagið verði að fullu samkeppnishæft við þá, sem leggja mest undir í þessum rekstri.

Rekstur félagsins er umfangsmikill og heildarvelta á árinu 2022 er tæplega 1 milljarður króna. Kostnaður hefur hækkað undanfarin ár á sama tíma og kröfur um fagmennsku hafa vaxið. Það má í raun segja, að mörg félög hafi stigið æði stórt skref í átt til a.m.k. hálfatvinnumennsku í nokkrum íþróttagreinum. Það er einnig ljóst, að aukning tekna hefur ekki verið í samræmi við hækkun kostnaðar hjá flestum félögum og það er því opin spurning, hvort að íþróttafélög hér á landi eru almennt tilbúin í þetta stóra skref. Félögin eru almennt lítil og mörg illa undirbúin undir hækkun kostnaðar. Þróun í nágrannalöndum okkar hefur verið sú, að auknum kostnaði hefur verið mætt með markvissum sameiningum íþróttafélaga. Tilraunir til slíks hér á landi hafa verið máttlausar og þær sem hafa verið reyndar hafa almennt ekki gengið sérstaklega vel. Ég tel einsýnt að það verður að móta stefnu í þessum málum hið allra fyrsta.

Markmið okkar er sem fyrr, hallalaus rekstur. Við teljum daglegan rekstur skilvirkan og vel er fylgst með þróun tekna og gjalda í hverri deild. Fjármálum almennt er stýrt frá skrifstofu félagsins og þar í gegn fer sem fyrr öll innheimta fyrir allar deildir og greiðsla allra reikninga Fjölnis í góðu samstarfi við stjórnir deilda félagsins. Fyrir frekari skýringa og upplýsingar vil ég vísa í sundurliðaða reikninga félagsins fyrir árið 2022 og þær skýringar sem er að finna í ársreikningi félagsins.

Samningar Fjölnis og annarra íþróttafélaga við Reykjavíkurborg er í raun runninn út. Eldri samningar voru framlengdir á meðan unnið er að frekari skilgreiningum, þar sem m.a. verður vonandi tekið tillit til hugmynda um breytingar á framlagi, sem endurspegli betur stærð og umfang íþróttafélaga. Við Fjölnismenn höfum ítrekað bent á, að stærð félagsins okkar endurspeglar ekki framlag til reksturs félagsins að fullu. Við höfum einnig unnið að því, að Fjölnir geti boðið þjónustu sína við ný hverfi, sem fyrirhugað er að byggja upp í nágrenni Grafarvogs. Við höfum sinnt þjónustu í Bryggjuhverfi og bjuggumst við því, að svo yrði áfram, þegar frekari uppbygging hverfisins fer í framkvæmd. Niðurstaða Reykjavíkurborgar er hins vegar sú, að úthluta þessum nýju

hverfum til Ármanns, hugsanlega í samstarfi við Þrótt og að þessu starfi verði sinnt úr Laugardal. Það þarf vart að taka fram, að við erum ekki sátt við þessa niðurstöðu og teljum að þetta muni aðeins leiða til frekari og jafnvel óþarfrar uppbyggingar á keppnisaðstöðu. Þetta takmarkar einnig augljóslega stækkunarmöguleika Fjölnis í framtíðinni Það skortir því enn nokkuð á stefnumótun borgaryfirvalda á þessu sviði. Starfsemi íþróttafélaga er mjög mismunandi eftir félögum og framboð íþróttagreina því að sama skapi mismunandi á milli borgarhluta. Íþróttir eru gríðarlega mikilvægt forvarnarstarf og skýr stefna þarf að vera í uppbyggingu þeirra mála til næstu framtíðar.

Daglegur rekstur deilda félagsins eru í höndum deildarstjórna deilda og þess mikla fjölda sjálfboðaliða, sem þar vinna í ráðum, nefndum, skipulagi viðburða og fleira. Mesta starfið og einnig oft það erfiðasta er rekstur á meistaraflokkum í hópíþróttum, en rekstur þar hefur verið að þyngjast eins og áður hefur komið fram. Rekstur yngri flokka er alls staðar til fyrirmyndar og stendur sá rekstur undir sér hjá öllum deildum félagsins. Við leggjum mikið upp úr því að halda ungmennastarfi og afreksstarfi fjárhagslega aðskildu, eins og lög gera ráð fyrir. Það getur verið erfitt að hafa gaman að rekstri deilda, þegar reksturinn er þungur og erfiður og árangur kannski ekki í takt við væntingar. Starfið okkar byggir mikið á persónulegum tengslum við fyrirtæki og ég vil hvetja fyrirtæki og þá sem þeim tengjast til að koma og aðstoða okkur enn frekar í þessum málum, stuðningur allra við félagið er ómetanlegur og gríðarlega mikilvægur fyrir daglegt starf. Í ársreikningi Fjölnis eru skýrslur deildarstjórna og ég vil vísa á þær skýrslur til frekari skýringa og upplýsinga um rekstur mismunand deilda félagsins.

Rekstur körfuknattleiksdeildar hefur áfram verið nokkuð peningalega þungur síðustu misserin. Karlalið félagsins hefur spilað síðustu þrjú tímabil í 1. deild. Stefnan hefur sem fyrr verið tekin beint upp, þar sem félagið á að sjálfsögðu að vera. Liðið er áfram að mestu byggt upp af ungum og efnilegum leikmönnum, sem flestir eru uppaldir hjá félaginu. Það verður erfiðara á ná markmiðum um að komast upp eftir því sem lengra líður frá veru okkar meðal þeirra bestu. Miklar líkur eru á, að við komumst a.m.k. í úrslitaviðureignir eftir tímabilið og við sendum strákunum okkar bestu kveðjur og mætum að sjálfsögðu og styðjum þá í þessu verkefni. Kvennaliðið okkar í körfu hefur

aðeins hikstað á þessu þriðja tímabili í röð í efstu deild. Liðið hefur ekki alveg náð sér á strik og spilar líklega ekki til neinna verðlauna þetta árið. Liðið er þó ekki í fallhættu og við verðum að horfa til þess, að bæta árangur aftur á næsta tímabili. Ungmennastarf gengur vel og hefur bætt aðstaða greinilega skilað árangri. Stefna okkar er einföld, við eigum alltaf að stefna að því að eiga lið á meðal hinna bestu, bæði í karla og kvennaliðum í körfu.

Rekstur handknattleiksdeildar hefur einnig verið fjárhagslega þungur eins og undanfarin ár. Karlalið okkar spilar þriðja árið í röð í Grill 66 deildinni, en mun líklega ná að spila til úrslita um laus sæti í efstu deild. Stefnan er sem fyrr, að eiga lið á meðal þeirra bestu. Fjölnir á einfaldlega að vera meðal þeirra bestu í þeim íþróttagreinum, sem stundaðar eru hjá félaginu. Kvennaliðið okkar spilar einnig í Grill 66 deildinni, en liðinu hefur ekki gengið sem skildi á þessu ári og er í neðri hluta deildarinnar. Samningar við Fylki um samstarf í meistaraflokkum kvenna í handknattleik er enn í gildi og er leikið undir merkjum Fjölnir/Fylkir. Við verðum að tryggja meiri stöðugleika hjá liðunum okkar, við höfum verið að fara mikið á milli deilda á undanförnum árum.

Rekstur knattspyrnudeildar var í járnum á síðasta ári. Karlalið okkar spilaði eins og árið áður í Lengjudeildinni og var aftur í harðri baráttu um sæti í efstu deild. Litlu munaði, en niðurstaðan varð sú, að við munum spila í Lengjudeildinni á yfirstandandi ári. Stefnan er sem fyrr einföld, við stefnum einfaldlega aftur í deild hinna bestu, þar sem félagið á að sjálfsögðu heima. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir félagið að ná þessu markmiði. Munurinn á milli efstu deildar og annarra deilda hefur vaxið áfram og það verður einfaldlega erfiðara að ná upp, eftir því sem dvölin í neðri deildum er lengri ! Við verðum að leggjast á eitt að styðja við liðið í baráttunni sem framundan er. Við erum með spennandi lið, sem eins og oft áður er byggt mikið á uppöldum Fjölnismönnum. Við höfum einnig fengið til liðs við okkur reyndari leikmenn, sem eflaust munu koma með reynslu og kraft inn í liðið. Kvennaliðið okkar spilaði í Lengjudeild sumarið 2022, en endaði tímabilið með falli og spilar því aftur í 2.deild á yfirstandandi tímabili. Það er áfram mikið verkefni framundan við að byggja upp gott lið í kvennaknattspyrnu. Við eigum mikið af ungum og efnilegum leikmönnum, sem hafa haldið tryggð við félagið

og hlutu góða reynslu á síðasta ári og stefnan er einfaldlega sett aftur á sæti í Lengjudeild á næsta keppnistímabili.

Rekstur fimleikadeildar var aðeins þyngri á síðasta ári, en árið á undan. Það virðist sem COVID hafi haft aðeins meiri áhrif á rekstur deildarinnar en annarra deilda, þar sem aðeins dró úr aðsókn. Þetta hefur þó snúist við og iðkendum fer nú aftur fjölgandi í deildinni. Bætt aðstaða hefur gjörbreytt starfi deildarinnar til hins betra og við erum að sjá fleiri afreksmenn í fimleikum hjá félaginu. Eins og oft vill vera kallar aukið afrekstarf á nýjar áskoranir, þar sem kostnaður við afreksstarf er almennt meiri. Við höfum hins vegar frábæran grunn og frábæra aðstöðu til að byggja á.

Rekstur sunddeildar félagsins gekk sem fyrr vel á árinu. Eins og fram hefur komið fyrr, þá fékk deildin til umráða aukna aðstöðu í nýrri sundlaug, Dalslaug í Úlfarsárdal. Aðstaða okkar í Grafarvogslaug er löngu sprunginn og mun nýja aðstaðan skapa tækifæri. Sem fyrr, þá æfir afreksfólk okkar og eldri iðkendur í sundi mest í Laugardalslaug.

Rekstur frjálsíþróttadeildar gekk nokkuð vel á síðasta ári og starfið í deildinni er blómlegt. Bætt aðstaða í Egilshöll hefur þegar skapað tækifæri í starfi deildarinnar.

Tennisdeildin hefur lengi verið ein af frábærum deildum hjá Fjölni og afkoma deildarinnar er í járnum. Aðstöðumál eru þar einnig ofarlega á baugi. Við erum að vonast til, að frekari uppbygging við Egilshöll muni skapa tækifæri í aðstöðumálum tennisdeildar og reyndar fleiri deilda í framtíðinni.

Karatedeildin er í fínum gangi og rekstur þar er í góðu jafnvægi. Aðstaða deildarinnar er löngu sprungin og takmarkar stækkunarmöguleika hennar, en þar er einnig horft til framtíðarhugmynda um uppbyggingu við Egilshöll.

Skákdeild er rekin í góðu samstarfi við Helga, fyrrverandi skólastjóra Rimaskóla og er rekstur og aðstaða deildarinnar í Rimaskóla sem fyrr til mikillar fyrirmyndar.

Rekstur í íshokkídeild og listskautadeild skilaði aðeins neikvæðri afkomu á síðasta ári. Í íshokkídeild er rekstur meistaraflokka umfangsmikill og eins og hjá öðrum deildum er

það ákveðin áskorun. Í listskautadeild hefur orðið nokkur fjölgun aftur og félagið á nokkra fulltrúa í efstu flokkum og landsliðum Íslands. Fjölgun iðkenda í báðum deildum, hefur orðið til þess að ístíminn í Egilshöll er þétt bókaður og krefst mikils skipulags. Við sjáum mikla framtíð í rekstri skautadeilda hjá Fjölni og væntum þess, að félagið verði í baráttu um verðlaun þar innan mjög skamms tíma.

Afkoma aðalsjóðs var í jafnvægi á árinu 2022, þó að rekstur hafi verið þyngri en árin 2020 og 2021. Hlutverk aðalsjóðs er sem fyrr, aðhald í rekstri félagsins og deilda og að jafna sveiflur í rekstri deilda, þegar á slíku þarf að halda. Tekjur aðalsjóðs koma að mestu frá styrktaraðilum og stærri viðburðum á vegum félagsins, eins og Þorrablót og Októberfest. Framkvæmdastjóri félagsins mun fara nánar yfir reikninga og skýringar við þá.

Styrktaraðilar

Eins og fram hefur komið í undanförnum ársskýrslum, hafa orðið mikla breytingar á styrkjum og aðstoð frá fyrirtækjum á undaförnum árum. Áður voru nokkur félög svokallaðir aðalstyrktaraðilar Fjölnis og studdu með öflugum hætti við starfsemi félagsins í heild. Eins og hjá flestum íþróttafélögum hefur þessum beinu styrktaraðilum fækkað, þar sem fyrirtæki hafa almennt heldur dregið úr beinum styrkjum til íþróttafélaga. Nýleg lög um almannaheillaskrá, sem skapa möguleika á skattaafslætti til fyrirtækja, sem styrkja starfsemi íþróttafélaga hafa ekki skilað eins miklu og vonir okkar stóðu til. Við munum halda áfram að reyna að kynna starfsemi félagsins fyrir fyrirtækjum og reyna að fá þau til að styrkja okkar góða starf. Ég vil hvetja alla stuðningaaðila félagsins til að hjálpa til við verkefnið og bið ykkur að kynna ykkur tækifærin sem skráning á almannaheillaskrá Skattsins gefa. Fjölnir er skráð félag á þessari skrá og mikilvæg aðstoð stuðningsaðila nýtist a.m.k. að hluta til skattaívilnana fyrir þessi félög. Á síðasta ári var ekkert fyrirtæki skilgreint sem aðalstyrktaraðili félagsins. Stærsti einstaki styrktaraðili félagsins er eins og áður hefur komið fram Fasteignafélagið Reginn og við erum mjög þakklát fyrir allan þeirra stuðning. Helstu styrktaraðilar okkar hafa þó haldið tryggð við okkur, en hafa breytt samningum sínum við félagið. N1 og Bónus styðja nú myndarlega við bakið á ákveðnum deildum, en eru

ekki lengur skilgreind sem styrktaraðilar við félagið í heild. Samskip hefur einnig bæst í hóp félaga, sem styðja veglega við bak ákveðinna deilda félagsins. Við erum sem fyrr mjög háð aðstoð frá atvinnulífinu og það er ljóst, að mörg fyrirtæki eru að styðja myndarlega við rekstur hinna ýmsu deilda hjá Fjölni. Mig langar að ítreka þakkir til forráðamönnum allra þeirra fyrirtækja og félaga sem með einum eða öðrum hætti styðja við rekstur hjá Fjölni og vil hvetja alla áfram til að koma með eins myndarlegum hætti og mögulegt er til aðstoðar daglegum rekstri.

Það verður seint fullmetið, að það starf sem unnið er í íþróttafélögum er besta forvarnarstarf sem mögulegt er og ætti vel að samrýmast öllum stefnum og leiðum fyrirtækja til samfélagslegrar ábyrgðar. Ég vil þakka Bónus, N1, Reginn og Samskip sérstaklega fyrir aðstoðina. Ég vil líka nefna sérstaklega Ferðaskrifstofuna Vita, sem hefur stutt vel við knattspyrnudeild, Innnes, Akstur & köfun, Grant Thornton, Hagkaup, Landsnet og Olís, styrkir Fjölnishlaupið okkar glæsilega. Ég vil einnig draga sérstaklega fram Ölgerð Egils Skallagrímssonar, sem aðstoðar okkar mjög veglega í flestum deildum. Ég held að það verði líka að þakka sérstaklega öllum þeim sem hafa sótt viðburði á vegum félagsins, sérstaklega þorrablótið góða. Þorrablótið hefur verið stærsti einstaki fjáröflunaraðili félagsins á undanförnum árum. Þið sem komið á þessi blót eigið sérstakt hrós og þakkir skildar.

Verkefnin framundan

Það eru næg verkefni framundan í starfi íþróttafélaga eins og undanfarin ár. Starf okkar er í stanslausri mótun og verkefnin líklega endalaus. Við erum að rétta úr kútnum eftir þessi skrítnu COVID ár, þar sem öll starfsemi íþróttafélaga fór úr skorðum, eins og nær allt samfélagið. Við verðum öll að vinna áfram að því að hvetja til þátttöku í íþróttastarfi félagsins. Það er margsannað, að betra forvarnarstarf er einfaldlega ekki til.

Fjölnir skilgreinir sig áfram sem fjölgreinafélag, sem býður þjónustu sína í Grafarvogi og nágrenni. Við viljum þjóna hverfinu okkar og nærumhverfi á sem bestan og fjölbreyttasta hátt. Félagið bíður nú þegar mjög fjölbreytta þjónustu í hverfinu og allir eiga að geta fundið sér íþróttastarf við hæfi undir merkjum félagsins. Við þurfum

stuðning frá öllum íbúum í hverfinu okkar og ég vill enn og aftur hvetja alla til að fylgjast með og til þátttöku í þeim viðburðum sem eru á vegum félagsins. Hverfið okkar er enn að vaxa og það skapar nýjar áskoranir fyrir okkur á næstu árum. Fjölnir ætlar sér að taka þátt í þessu uppbyggingarstarfi og býður fram þjónustu til þeirra sem vilja nýta hana.

Við höfum á að skipa gríðarlega góðum hópi starfsmanna, þjálfara og sjálfboðaliða, sem vinna mikla vinnu fyrir Fjölni. Okkur vantar sífellt fleiri sjálfboðaliða til að taka þátt í þessu mikla og skemmtilega starfi, sem íþróttastarf er. Ég hef verið svo heppinn að vera formaður félagsins frá árinu 2009 og hef verið í stjórn frá árinu 2005. Þetta hefur verið góður og áhugaverður tími. Félagið hefur vaxið mjög og dafnað á þessum árum og framtíðin er björt. Það er nokkuð ljóst, að það fer að koma tími á breytingar í yfirstjórn félagsins, til að tryggja að félagið haldi áfram að vaxa og dafna. Ég hef hins vegar áfram fengið mikla hvatningu um framhald starfa fyrir félagið og hef því ákveðið að bjóða enn fram krafta mína til formennsku fyrir næsta starfsár og ef það verður þegið þá hlakka ég til áframhaldandi samstarfs um uppbyggingu á Fjölni - #FélaginuOkkar.

Fjölnismenn og konur er glæsilegur hópur og þar að auki búum við í besta hverfinu í Reykjavík. Framtíð Fjölnis er björt – áfram FJÖLNIR.

Jón Karl Ólafsson,

Formaður Fjölnis

ALLTAF GOTT VEÐUR

KEILA

SHAKE

PIZZA

PÍLUKAST BOLT

KAREOKE

AFMÆ

HÓPEFL

BÓKAÐU BRAUT EÐA FÁÐU TILBOÐ FYRIR HÓPA Á **KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS**

Keiluhöllin

keiluhollin.is

shake&pizza

shakepizza.is

Sjúkraþjálfun, sálfræðingar, læknar og fleiri fagaðilar í Egilshöll

Hæfi
ENDURHÆFINGARSTÖÐ

FIMLEIKAR

Á aðalfundi fimleikadeildarinnar 7. febrúar 2022 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Helga Ásdís Jónasdóttir, formaður
- Gunnar Bjarnason, varaformaður
- Svala Ástráðsdóttir, ritari
- Álfheiður Sif Jónasdóttir, meðstjórnandi
- Margrét Lilja Gunnarsdóttir, meðstjórnandi

Ávarp formanns

Fimleikaárið 2022 hefur verið einstaklega lærdómsríkt ár og loksins gengur lífið sinn vanagang. Fimleikasalurinn fullur af frábærum iðkendum og þjálfurum og framtíðin björt.

Írisi rekstrarstjóra og verkefnastjórum deildarinnar, Berglindi, Viktori, Nicoleta og Zoltán og öllum þjálfurum þökkum við fyrir frábært starf. Iðkendum hefur áfram fækkað en við erum bjartsýn og trúum að þegar lífið kemst í rétt horf þá fjölgi iðkendum aftur og við verðum sterkari sem aldrei fyrr.

Við viljum þakka foreldrum/forráðamönnum og öðrum sjálfboðaliðum fyrir aukna aðstoð á liðnu ári. Þökk sé ykkur hefur dómarateymi deildarinnar og búningasafn fyrir vorsýningar stækkað. Við hvetjum alla til að vera virkir og taka þátt. Það er gaman og gefandi, deildin verður öflugri og iðkendur ánægðari.

Bestu þakkir til ykkar allra.

Áfram fimleikar – Áfram Fjölnir.

Fyrir hönd stjórnar fimleikadeildar Fjölnis

Helga Ásdís Jónasdóttir, formaður.

Fimleikadeild Fjölnis var formlega stofnuð í maí 2002 en hafði starfað undir almenningsdeild Fjölnis frá haustinu 2001. Fimleikadeildin hefur verið ein sú fjölmennasta innan Fjölnis og hefur vaxið hratt undanfarin ár eins og sjá má á iðkendafjölda síðustu ára. Í kjölfar Covid þá hefur komið bakslag í iðkendafjölda deildarinnar. En við höfum trú á því að nú þegar við vonandi sjáum fyrir endann á þessum faraldri þá verður deildin fljót að stækka og færast í sitt fyrra horf.

Þrátt fyrir fækkun iðkenda býður deildin þó uppá fjölbreytt úrval æfinga fyrir iðkendur á öllum aldri:

Bangsar – Kríli – Stubbar

Sunnudagsmorgnar voru eins og síðustu ár tileinkaðir iðkendunum okkar sem eru á leikskólaaldri, 2-4 ára. Mikil aðsókn er í þessa tíma hjá okkur og var 2022 engin undantekning þrátt fyrir að hafa þurft að gera ýmsar útfærslur á tímunum til þess að passa að hlýða öllum reglunum sem fylgdu að hverju sinni vegna COVID í byrjun árs.

Grunnfimleikar

Fjölmennur hópur stúlkna og drengja stundaði æfingar í svokölluðum grunnfimleikum en það er upphaf fimleikaiðkunar. Iðkendur stunda æfingar þar í þrjú ár eða frá 5-7 ára aldri. Þar kynnast þau æfingahringjum, læra að fara eftir munnlegum og sýnilegum fyrirmælum þjálfara, auka líkamsvitund og líkamsstöður, kunna helstu heiti grunnæfinga og þekkja fimleikaáhöldin. Innan grunnfimleika eru hópar sem eru svokallaðir hraðferðarhópar en þar æfðu iðkendur sem voru tilbúin að takast á við töluvert krefjandi æfingar, lengri æfingatíma og hraðari yfirferð.

Grunnfimleikar skiptast í eftirfarandi hópa:

- Grunnhópar yngri 5-6 ára
- Grunnhópar eldri 6-7 ára
- Framhaldshópar 7-8 ára
- Hraðferð 5-8 ára

Þegar iðkendur eru að hefja sitt þriðja ár í grunnskóla stendur þeim til boða að velja sér hvaða leið þau hafa áhuga á að feta áfram í fimleikunum, keppnishópur í áhaldafimleikum eða hópfimleikum er algengt val en einnig er hægt að halda áfram í æfingahóp eða parkour

Áhaldafimleikar

Stúlkur og drengir frá 8 ára aldri æfðu áhaldafimleika og kepptu eftir reglum fimleikastigans á ýmsum fimleikamótum yfir árið.

Hópfimleikar

Stúlkur og drengir frá 8 ára aldri æfðu hópfimleika og keppa eftir reglum code of points á ýmsum fimleikamótum. Þjálfarhópurinn hefur breyst lítilega, inn hafa komið ungir og efnilegir þjálfarar og hefur samvinna í þjálfarateymum gengið vel, sem skapar einstaklega góðan anda í deildinni og salnum.

Æfingahópar

Áfram viljum við fjölga í æfingahópum okkar. Við teljum mikilvægt að iðkendur sem hafa ekki áhuga á því að stunda keppni hafi tækifæri til þess að njóta þess að stunda fimleika á sínum forsendum og hraða.

Parkour

Áhugi fyrir parkour heldur áfram að aukast. Boðið er upp á æfingar fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir sem er ánægjulegt. Þjálfararnir hafa haldið vel utan um hópana.

Leikfimi 60+

Samstarfi við Korpúlfa var haldið áfram enda hefur það gefist mjög vel. Fjölgað hefur í hópnum og mikil ánægja er með fyrirkomulag og æfingar leikfimishópsins.

Vorsýning og sumaræfingar

Venjan er að vorönn hjá grunn og æfingahópum ljúki með vorsýningu í byrjun júni og loksins eftir erfið Covid ár var haldin glæsileg vorsýning laugardaginn 4. júní. Umsjón með sýningunni hafði Tilda Tolgfors en henni til aðstoðar komu margir af þjálfurum deildarinnar. Sýningin heppnaðist frábærlega en haldnar voru 4 sýningar sem allar voru þétt setnar. Keppnishópar æfðu svo út júní og er alltaf gaman að sjá líf í salnum nánast allt árið um kring. En allir hópar eru í sumarfríi í júlí og hefja síðan æfingar eftir verslunarmannahelgi

Sumarnámskeið Fjölnis

Sumarið 2022 var haldið áfram með sameiginlegt námskeið Fjölnis fyrir 6-8 ára börn. Boðið var uppá Sumarnámskeið í hinum ýmsu greinum sem eru innan deilda Fjölnis. Hægt var að skrá sig á námskeið fyrir og eða eftir hádegi og valkvætt hvort börnin vildu kaupa hádegismat sem var í aðstöðu Shake and Pizza. Fimleikanámskeið var í boði eftir hádegi í allt sumar og ágætis skráning á öll námskeiðin. Námskeiðið gekk vel í sumar og má búast við því að svipuð fyrirkomulagi verði haldið áfram árið 2023.

Fimleikasambandsmót

Mótahald og keppnir voru ofarlega á baugi hjá keppnishópum deildarinnar. Hér má sjá samantekt frá árinu:

Móthald hjá Fimleikasambandi Íslands var í föstum skorðum árið 2022. Fjölnir tók að sér að halda Bikarmót í hópfimleikum en mótið var haldið í Dalhúsum. Mótið var allt það glæsilegasta og þökkum við öllum þeim sem komu að mótahaldinu fyrir þeirra framlag.

Fjölnir sendi keppendur á öll Fimleikasambandsmótin sem fóru fram og var árangurinn flottur hjá okkar fólki. Það sem einna helst stendur upp úr er Íslandsmeistaratitill unglinga í fjölþraut, sem Sigurður Ari Stefánsson hamaði á Íslandsmóti í áhaldafimleikum sem fram fór í Gerplu í júní. Mótið fór fram í glæsilegri umgjörð í Versölum hjá Gerplu. Sigurður Ari Stefánsson og Davíð Goði Jóhannsson voru skráðir

til leiks frá Fjölni en einnig átti Lilja Katrín Gunnarsdóttir að keppa en hún varð frá að hverfa vegna meiðsla. Á Íslandsmóti er keppt tvo daga í röð. Fyrri daginn fer fram keppni í fjölþraut og seinni daginn keppni á einstökum áhöldum. Á mótinu var keppt um 7 titla í unglingaflokki karla og er skemmt frá því að segja að strákarnir okkar tóku þá alla með sér heim. Sigurður Ari sigraði með yfirburðum í fjölþraut auk þess að vinna 5 áhöld en Davíð Goði sigraði í æfingum á hringjum. Við erum einstaklega stolt af strákunum okkar og óskum þeim innilega til hamingju með árangurinn.

Erlend verkefni og úrvalshópar á vegum Fimleikasambands Íslands:

Landsliðsverkefni

Norðurlandamót unglinga fór fram á Íslandi byrjun júlí, þar átti Fjölnir 2 keppendur en Sigurður Ari og Davíð Goði voru valdir í drengja lið Íslands. Lilja Katrín var valin í æfingarhóp stúlkna fyrir mótið en var svo ekki í hópnum sem valin var til þátttöku á mótinu. Sigurður Ari var svo valin til þátttöku á EYJOF sem er ólympíuhátíð æskunnar og einnig á Evrópumót unglinga sem fram fór í glæsilegri umgjörð í Þýskalandi.

Úrvalshópar

Í úrvalshóp drengja árið 2022 átti Fjölnir 3 iðkendur þá Sigurð Ara, Davíð Goða og Elió Rebora. Lilja Katrín Gunnarsdóttir var valin í úrvalshóp stúlkna.

Æfingaferðir

Farið var í æfingarferð til Ítalíu með 40 manna hóp á aldrinum 12 – 17 ára í hópfimleikum. Ferðin heppnaðist frábærlega og var gott að komast í hitann og sólina.

Á hverju ári verðlaunum við þá íþróttamenn sem skarað hafa fram úr í starfi deildarinnar. Í ár voru íþróttakona/karl deildarinnar:

Íþróttakona fimleikadeildar

Lilja Katrín Gunnarsdóttir – Lilja Katrín var keppandi í frjálsum æfingum kvenna. Hún var valin í úrvalshóp unglinga og í kjölfarið á því í æfingarhóp fyrir Norðurlandamót unglinga sem fram fór hér á landi í lok júní. Lilja var ekki valin til þátttöku í mótinu. Lilja líkt og Sigurður Ari skipti yfir í Gerplu til þess að æfa undir leiðsögn landsliðsþjálfara íslands í áhaldafimleikum. Við óskum henni alls hins besta í framtíðinni og hlökkum til að fylgjast með henni í framtíðinni.

Íþróttakarl fimleikadeildar

Sigurður Ari Stefánsson – Sigurður Ari eða Siggi átti glæsilegt fimleikaár. Sigurður Ari varð Íslandsmeistari unglinga í fjölþraut í áhaldafimleikum. Þar sigraði hann með yfirburðum auk þess að vinna gullverðlaun á fimm áhöldum af sex í keppni á einstökum áhöldum. Á árinu var Sigurður einnig valinn til þátttöku í fjölmörgum erlendum verkefnum á vegum Fimleikasambands Íslands. Meðal annars Evrópumóti unglinga, Norðurlandamóti unglinga og Ólympíuleikum æskunnar. Sigurður hefur nú fært sig yfir

í Gerplu þar sem hann mun halda áfram sinni fimleikaiðkun undir handleiðslu landsliðsþjálfara Íslands og óskum við honum alls hins besta og hlökkum við til að fylgjast með honum í framtíðinni.

Skrifstofa og þjálfarar

Írís Svavarsdóttir er í fullu starfi sem rekstrarstjóri fimleikadeildarinnar. Henni til halds og trausts á skrifstofu deildarinnar er Berglind Bjarnadóttir auk þess sem verkefnastjórar sinna skrifstofustöfum samhliða þjálfun. Hjá deildinni eru 20 þjálfarar, þar af eru 7 fastráðnir. Til viðbótar erum við líka með myndarlegan hóp af hlutastarfsmönnum og aðstoðarþjálfurum. Þjálfarar í salnum vinna vel saman og er einstaklega gott andrúmsloft í hópnum.

Að lokum viljum við í stjórn fimleikadeildarinnar þakka öllum þjálfurum, starfsfólki og ekki síst iðkendum fyrir dugnað og metnað til að ná árangri síðastliðið ár. Góð samvinna allra er lykillinn að farsælu starfi deildarinnar. Að auki þökkum við öllum sjálfboðaliðum sem komið hafa að starfinu með einum eða öðrum hætti sl. ár fyrir þeirra störf. Við viljum einnig hvetja sem flesta foreldra að taka þátt í gefandi starfi deildarinnar. Deildinni óskum við velfarnaðar á nýju ári og horfum bjartsýn fram á nýtt fimleikaár í Fjölni. Margréti Lilju og Svölu sem kveðja stjórn deildarinnar þökkum við sérstaklega fyrir sitt góða starf fyrir deildina.

Áfram Fjölnir !

FRJÁLSAR

Á aðalfundi frjálsíþróttadeildarinnar 07. febrúar 2022 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Þorgrímur H. Guðmundsson, formaður
- Auður Aðalbjarnardóttir, varaformaður
- Ágúst Jónsson, gjaldkeri,
- Valgerður Sigurðardóttir, meðstjórnandi
- Auður Ólafsdóttir, ritari
- Hreinn Ólafsson, meðstjórnandi
- Sigurgeir Geirsson, meðstjórnandi
- Kristín Rut Kristinsdóttir, meðstjórnandi
- Bragi Birgisson meðstjórnandi

Þær breytingar urðu á stjórninni að Hjörvar Pétursson og Björn Júlíus Grímsson hættu í stjórn, er þeim þakkað þeirra framlag til deildarinnar. Ný inn í stjórnina komu Sigurgeir Geirsson og Kristín Rut Kristinsdóttir og er þau boðin velkomin til starfa. Í stjórn FÍRR (Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur) situr formaður deildarinnar.

Starf frjálsíþróttadeildarinnar var með nokkuð hefðbundnum hætti á árinu eftir að Covid 19 hafði haft áhrif á starf deildarinnar árin á undan.

Mótahald og þátttaka á mótum

Fyrsta verkefni ársins var að starfa við Reykjavík International Games ásamt fleiri félögum. RIG fór fram 6. febrúar og er eina alþjóðlega frjálsíþróttamót innanhúss sem haldið er hér á landi. Fjölnir átti 7 keppendur á RIG.

Frjálsíþróttadeild Fjölnis fékk úthlutað til umsjónar MÍ 15-22 ára sem haldið var 19.-20 mars, framkvæmd mótsins tókst vel og var deildinni til sóma.

Bikarkeppni FRÍ og Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri innanhús var haldin 3 mars, áttum við keppnissveitir á báðum mótunum. Bikarkeppni FRÍ og Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri utanhússkeppnin var haldin 13. ágúst. Kom það í hlut Fjölnis að halda mótið. Ekki tókst að manna mótið með foreldrum eða aðstandendum og varð stjórn deildarinnar að taka þá ákvörðun að draga okkar keppendur úr keppni til að manna mótið með iðkendum. Þótti okkur það frekar erfitt en án þeirra hefi mótið ekki geta farið fram.

Árlegt páskamót fyrir iðkendur 6-10 ára var haldið að vanda í frjálsíþróttaaðstöðunni í Egilshöll og var almenn ánægja með hvernig til tókst. Í desember var haldið jólamót fyrir iðkendur 6-10 ára og fóru þau í þetta skiptið í frjálsíþróttasahöllina í Laugardal og var þátttaka góð og ánægja með viðburðinn.

Laugardaginn 9. maí bauð frjálsíþróttadeildin unglingahóp deildarinnar í vorferð. Stefnan var tekin til Selfoss þar sem frjálsíþróttadeild HSK var heimsótt. Æft var í glæsilegri úti og inni aðstöðu Selfyssinga í góðu veðri. Eftir æfingu fór hópurinn í sund

og fengu sér ís á leiðinni heim. Ferðin gekk vonunum framar og var unglingahópurinn deildinni til sóma.

Fjölnishlaup Olís var haldið í 34. sinni á uppstigningardag og var framkvæmd hlaupsins var að mestu í höndum Hlaupahóps Fjölnis. Framkvæmd og umgjörð hlaupsins þótti takast afar vel og var deildinni til mikils sóma. Fjölnishlaup Olís er nú hluti að Gatorade sumarhlauparöðinni. 65 tóku þátt í 10 km hlaupinu, 56 tóku þátt í 5 km og 34 voru í skemmtiskokkinu. Var þátttakan nokkuð minni en síðustu ár en var það svipað og í öðrum viðburðum sem voru haldnir á vormánuðum eftir takmarkanir.

Þann 9. júní héldum við okkar árlega Vormót Fjölnis fyrir krakka á aldrinum 11-15 ára. Mótið var haldið á nýjum frjálsíþróttavelli Reykvíkinga í Mjódd. Mótið var með hefðbundnu sniði og alls voru skráðir til leiks 96 keppendur.

Þann 24. september endurvakti Frjálsíþróttadeild Fjölnis, í samstarfi við skátafélagið Vogabúa, skólavíðavangshlaup Grafarvogs. Ekki var þó veðrið þennan dag að gera okkur neina greiða og gekk yfir fyrsta aftakaveður haustsins. Því var ekki hægt að vera með viðburðinn úti hjá Gufunesbæ líkt og gert hafði verið ráð fyrir. Með útsjónarsemi var viðburðurinn færður inn í aðstöðu deildarinnar í Egilshöll og hlaupinn var hringur fyrir utan Egilshöll og endað inni. Þrátt fyrir leiðindaveður var þátttaka í þessum viðburði framan björtustu vonum og voru um 650 manns sem komu og hlupu eða kynntu sér starf frjálsíþróttadeildarinnar og skátafélagsins Vogabúa. Allir sem komu voru leystir út með hollum glaðningi og fengu foreldrar frítt í sund. Það er ánægjulegt þegar viðburðir líkt og þessir eru endurvaktir hversu góð þátttaka er í þeim og hversu vel fyrirtæki og Reykjavíkurborg styðja við deildina. Vonandi verður hægt að endurtaka þennan glæsilega viðburð árið 2023.

Áramót Fjölnis var haldið 29. Desember. Þátttaka var í lakara lagi og voru 78 keppendur sem tóku þátt. Þess má geta að foreldrar iðkenda mættu afar vel og var mönnun mótsins og framkvæmd deildinni til mikils sóma.

Æfingar

Æfingar deildarinnar voru með nokkuð hefðbundnum hætti eins og undanfarin ár.

Hópurinn 10 ára og yngri er í vexti. Daði Arnarson hefur umsjón með þessum hópum. Signý Hjartardóttir er með honum með þennan hóp og eru Christina Alba Hafliðadóttir Angela Ísabella Routley aðstoðar þjálfarar hópsins. Hóparnir æfðu tvisvar til þrisvar í viku í Fjölnishellinum Egilshöll.

11-13 ára hópur er í umsjón Vilhelmínu Þór Óskarsdóttur. Þessi hópur æfir í Fjölnishellinum og í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Aðstoðarþjálfarar eru Guðný Lára Bjarnardóttir og Grétar Björn Unnsteinsson.

14-16 ára hópur er í umsjón Matthíasar Más Heiðarssonar. Þessi hópur æfir í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal og í Fjölnishellinum. Óskar Hlynsson hefur verið með styktarþjálfun hópsins.

Óskar Hlynsson sér um styrktarþjálfun hjá 11-16 ára hópum. Í sumar fóru æfingar þeirra fram á frjálsíþróttavelli Reykvíkinga í Mjódd undir handleiðslu Matthíasar Más.

Unglingaflokkur 17 ára og eldri æfir undir stjórn Óskars Hlynssonar. Um sumarið fóru æfingar hópsins fram á frjálsíþróttavelli Reykvíkinga í Mjódd. Á veturna fara æfingar fram í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Æft er 5-6 sinnum í viku. Theodór Karlsson er tækniþjálfari hópsins. Matthías Már Heiðarsson er aðstoðarþjálfari hópsins og hefur hann séð um styrktarþjálfun hans.

Óskar Hlynsson sér um æfingar fyrir fullorðna iðkendur tvisvar til þrisvar sinnum í viku, sá hópur hefur átt erfitt uppdráttar eftir C-19.

Íþróttaafrek

Árangur okkar iðkenda hefur verið mjög góður á árinu 2022 og erum við mjög bjartsýn á framhaldið. Margir eru að bæta sig stórlega og vinna góða persónulega sigra og það verður mjög gaman að fylgjast með framhaldinu.

Landsliðshópur 2023 var gefinn út í desember 2022 og í þeim hópi á Fjölnir fjóra iðkendur þau Bjarna Anton Theódórsson, Guðmund Ágúst Thoroddsen, Kjartan Óla Ágústsson og Vilhelmínu Þór Óskarsdóttur.

Í úrvalshópi FRÍ fyrir árið 2022/2023 hafa verið valin frá Fjölni; Pétur Óli Ágústsson, Grétar Björn Unnsteinsson, Arna Rut Arnarsdóttir og Sara Gunnlaugsdóttir.

Afreksfólk deildarinnar var valið í desember. Að þessu sinni voru valin Vilhelmína Þór Óskarsdóttir 400m hlaupari og Bjarni Anton Theódórsson 400m hlaupari.

Fjárhagur

Fjárhagur frjálsíþróttadeildarinnar er í mjög góðu jafnvægi og er góður rekstrarafgangur í lok árs, þessi niðurstaða er hvatning fyrir stjórn að bæta aðstöðu og auka tækniþjálfun, en lengi hefur verið kallað eftir aukinni kastþjálfun meðal iðkenda deildarinnar.

Íslandsmeistarar á árinu 2022:

Sveit Fjölnis		Karla	4*400 m boðhlaup
Pétur Óli Ágústsson	2007	Karl	100m hlaup pilta 15 ára
Kjartan Óli Ágústsson	2002	Karl	800m pilta 20-22 ára, utanhúss
Kjartan Óli Ágústsson	2002	Karl	400m pilta 20-22 ára, utanhúss
Kjartan Óli Ágústsson	2002	Karl	400m grind pilta 20-22 ára, utanhúss
Kjartan Óli Ágústsson	2002	Karl	800m hlaup Karla, utanhúss
Kjartan Óli Ágústsson	2002	Karl	400m hlaup pilta 20-22, innanhúss
Kjartan Óli Ágústsson	2002	Karl	800m hlaup pilta 20-22, innanhúss
Arna Rut Arnarsdóttir	2005	Kona	3000m hlaup stúlkna 16-17 ára
Guðný Lára Bjarnardóttir	2004	Kona	800m hlaup stúlkna 18-19 ára
Guðný Lára Bjarnardóttir	2004	Kona	1500m hlaup stúlkna 18-19 ára
Guðný Lára Bjarnardóttir	2004	Kona	400m grind hlaup stúlkna 18-19 ára
Guðný Lára Bjarnardóttir	2004	Kona	1500m stúlkna 18-19 ára, innanhúss
Katrín Tinna Pétursdóttir	2003	Kona	Hástökk stúlkna 18-19 ára
Katrín Tinna Pétursdóttir	2002	Kona	Stangastökk stúlkna 18 – 19 ára, utanh.
Katrín Tinna Pétursdóttir	2002	Kona	Stangastökk stúlkna 18 – 19 ára, innanh.
Helga Þóra Sigurjónsdóttir	2000	Kona	Hástökk stúlkna 20-22 ára

Aðstöðumál:

Innanhússaðstaðan fyrir frjálsíþróttafólk í Laugardalnum er góð, hins vegar var frjálsíþróttaaðstaða utanhúss í Laugardal ónothæf allt árið 2022 vegna skemmda á vellinum. Deildin hefur átt í samstarfi við Aftureldingu í mörg ár og æft á Varmárvelli. Aðstaða þar er ekki góð og þarfnast mikils viðhalds. Frjálsíþróttadeild Fjölnis ákvað að slíta þessu samstarfi og nýta sér nýja og fullkomna vallaraðstöðu á Frjálsíþróttavelli Reykvíking í Mjódd til sumaræfinga. Innanhússaðstaðan í Egilshöll var tekin í notkun í ársbyrjun 2020 og er alger bylting fyrir deildina, ásókn hjá yngstu hópunum er margföld og er mikil ánægja með aðstöðuna. Deildin stóð fyrir sumarnámskeiði í samstarfi við skrifstofu Fjölnis og var þátttaka afar góð og sótti á annað hundrað barna þau námskeið. Daði Arnarson og Vilhelmína Þór höfðu umsjón með þessum námskeiðum.

Yfirlit yfir starfsemi Hlaupahóps Fjölnis starfsárið 2022

Skokkhópur Fjölnis dafnaði heldur betur árið 2022, eftir að hafa glímt við heimsfaraldur (covid) og þjálfaraleysi í byrjun árs. Fagnaði hann einnig 30 ára afmæli sínu á þessu ári. En á vormánuðum var ráðin nýr þjálfari hlaupahópsins Jón Oddur Guðmundsson. Jón Oddur sýnd strax mikinn dugnað og metnað fyrir starfinu og hafa mætingar á hlaupaæfingar aukist jafnt og þétt út árið. Breyting var gerð á upphafsstað miðvikudagshlaupanna en nú er hlaupið frá sundlaug Grafarvogs við Dalhús, annars er dagskráin óbreytt. Æfingar eru fjórum sinnum í viku. Á mánudögum hleypur hópurinn frá Egilshöll kl. 17:30 en hópurinn hefur aðgang að Hellinum í Egilshöll efir hlaup fyrir teygjur og styrktar æfingar. Á miðvikudögum hleypur hópurinn frá sundlaug Grafarvogs kl. 17:30 en hópurinn hefur aðgang að anddyri sundlaugarinnar efir hlaup fyrir teygjur. Á fimmtudögum yfir vetrartímann hittist hópurinn kl. 17:00 og hitar upp fyrir brautaræfingu í Frjálsíþróttahöllinni Laugardal. Venjulega þegar höllin lokar á vorin hleypur hópurinn frá hinum ýmsum stöðum sem tilkynnt er um í æfingarappi. Í sumar var töluvert um utanvegahlaup á fimmtudögum sem mældist vel fyrir Á laugardögum

eru síðan löng hlaup frá tækjunum við Gullinbrú, kl. 9:30 yfir sumartímann en kl. 10 yfir dimmustu vetrarmánuðina. Byrjendanámskeið var haldið í september og þátttaka nokkuð góð og góðu fréttirnar erum að sumir þeirra sem á byrjuðu eru enn að. Afrekaskráin stækkaði einnig á milli ára þar sem meðlimir tóku þátt í hinum ýmsu greinum, ber þar að nefna Laugarvegshlaupið, Fimmvöðuhálshlaupið, Hengilshlaupið, Volcano run í Eyjum svo eitthvað sé talið. Nokkrir með meðlimir reyndu meira að segja fyrir sér í skíðagöngu og kláruðuð 90km í Vasagöngunni í Svíþjóð. Hápunkturinn og fjölmennasti viðburðurinn var þá ferð hópsins til Danmerkur í hálf maraþon þar sem um 50 hlaupafélagar tóku þátt og stóðu sig að vonum vel. Árshátíð hlaupahópsins (Áslákur) var að venju haldin í nóvember og heppnaðist einkar vel. F.h. stjórnar, Þorgrímur H. Guðmundsson formaður

HANDBOLTI

Á aðalfundi handknattleiksdeildarinnar í febrúar 2022 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Davíð Arnar Einarsson, formaður
- Jarþrúður Hanna Jóhansdóttir, meðstjórnandi
- Magnús Þór Arnarson, meðstjórnandi
- Halldór Torfi Pedersen, meðstjórnandi
- Róbert Runólfsson, varamaður

Skýrsla stjórnar

Handknattleiksdeild Fjölnis rekur þrjár deildir en þær eru barna- og unglingadeild (BUR), meistaraflokk kvenna og meistaraflokk karla.

Barna- og unglingadeild (BUR): Starfið hjá barna- og unglingadeild hefur verið í eðlilegum farvegi á árinu 2022. Barna- og unglingadeild er stýrt af Barna- og unglingaráði sem samanstendur af frábærum sjálfboðaliðum. BUR heldur utan um rekstur 8 – 3 flokks en þessir flokkar samanstanda af börnum og unglingum sem eru frá 6 ára uppí 18 ára. Fjöldi iðkenda eru í kringum 180 en töluverð fækkun hefur orðið á milli ára.

Á árinu 2022 voru haldin nokkur mót þar af þrjú fyrir áramótin sem heppnuðust vel enda sjálfboðaliðarnir orðnir öllu vanir í uppsetningu og rekstri slíkra móta. Deildin er í samstarfi með Íþróttafélaginu Fylki í 4 og 3 flokki og eru æfingar og heimaleikir leiknir í þremur íþróttarhúsum; Dalhúsum, Egilshöll og Fylkishöll. Þó að iðkendur beggja liða græða á samstarfinu m.a. vegna aukins fjölda iðkenda þá er einnig ákveðið flækjustig en krakkarnir þurfa að koma sér á milli hverfa sem getur verið ákveðið púsluspil.

Vonir standa til þess að fjölga iðkendum í handbolta í Grafarvogi en ýmislegt þarf að ganga upp svo það verði að veruleika enda mikil samkeppni um iðkendur milli einstakra deilda Fjölnis enda framboð mikið. Það verður forgangsverkefni BUR á komandi misserum.

Meistaraflokkur kvenna:

Starfið hjá meistaraflokki kvenna var með hefðbundnu sniði á árinu 2022. Flokkurinn samanstendur af mjög ungum leikmönnum þar sem meðalaldurinn er rétt rúm tuttugu ár. það hefur verið stefna Fjölnis að byggja á eigin iðkendum, sem skila sér seinna meir upp í meistaraflokkana. Þrátt fyrir að árangurinn sé ekki eins og vonir stóðu til, þá standa vonir til þess að flokkurinn geti innan örfárra ára sýnt það hvað í honum býr. Gunnar Valur Arason er aðalþjálfari liðsins og Leifur Óskarsson er aðstoðarþjálfari. Þeir eru einnig þjálfarar 3. flokks kvenna og Gunnar Valur er einnig þjálfari 4. flokks kvenna og yfirþjálfari deildarinnar.

Meistaraflokkur karla:

Starfið hjá meistaraflokki karla var einnig með hefðbundu sniði á árinu 2022. Meistaraflokkur karla er með tvo flokka í rekstri, annars vegar aðallið og hins vegar svokallað U lið. Það hefur verið stefna Fjölnis að spila á uppöldum leikmönnum eins og áður hefur hefur verið sagt og hefur það tekist að mestu leyti, bæði í aðalliðinu og í U liðinu. Fjölnir spilaði í umspili um að komast upp í Olísdeildina um vorið 2022 og kepptum til úrslita við ÍR en því miður tapaðist það. Nýr aðili tók við þjálfum liðsins eftir síðasta tímabil honum Guðmundi Rúnari (Gumma) en það var Sverrir Eyjólfsson. Viktor

Levke er aðalþjálfari U liðsins og aðstoðarþjálfari aðalliðsins, mikill stígandi hefur verið hjá U liðinu undanfarið en eins og áður sagði er það byggt upp af uppöldum strákum.

Rekstur deildarinnar var mjög þungur en deildin nær ekki endum saman, en nokkur atriði skýra það. Í byrjun árs 2022 var Covid enn þá til staðar sem gerði það að verkum að fáir komust á leiki. Erfitt hefur reynst að fá styrki frá fyrirtækjum og stofnunum undanfarin ár. Einnig er starf meistaraflokkanna borið uppi af mjög fáum einstaklingum en þeirra tími fer að mestu leyti í að stilla upp fyrir heimaleiki og umsýslu í kringum liðin og því erfitt sækja styrki og afla tekna. Sjálfboðaliðar hafa hins vegar rekið deildirnar með eins lágum tilkostnaði og mögulegt er.

Við viljum þakka öllum sjálfboðaliðum og öðrum velunnurum deildarinnar, án þeirra væri enginn handbolti í Grafarvoginum. Við viljum einnig þakka starfsfólki á skrifstofunni og aðalstjórn fyrir aðstoðina og stuðninginn við deildina.

ÍSHOKKÍ

Stjórn skipuð á aðalfundi deildarinnar í febrúar 2022

- Gróa Björg Gunnarsdóttir, formaður
- Guðrún Hilmarsdóttir, gjaldkeri
- Kristín Thorstensen, stjórnarmaður
- Kristján Valdimar Þórmarsson, stjórnarmaður
- Brynjar Þór Ólafsson, stjórnarmaður
- Sigrún Agatha Árnadóttir, varamaður stjórnar
- Sigurdís Gunnarsdóttir, varamaður stjórnar

Breytingar urðu á stjórn á tímabilinu:

Guðrún Hilmarsdóttir hætti sem gjaldkeri og Ásta Hrönn Ingvarsdóttir tók við því.

Kristín Thorstensen hætti einnig sem og Sigurdís Gunnarsdóttir. Þá fór Sigrún Agatha úr því að vera varamaður og í stjórn.

Afrek Fjölniskeppenda á árinu

Íshokkídeild Fjölnis hefur sent full lið á Íslandsmót í öllum aldurshópum.

Eftirfarandi Fjölnisfólk kepptu með hinum ýmsu landsliðum á árinu:

Landslið Karla:

Róbert Freyr Pálsson, hann var Capteinn liðsins

Viggó Hlynsson

Landslið Kvenna:

Sigrún Agatha Árnadóttir

Kolbrún Garðarsdóttir

Elísa Dís Sigurfinnsdóttir

Elín Darkho

Herborg Rut Geirsdóttir (Var í Fjölni 2022 er komin í SA)

Landslið karla U20

Viggó Hlynsson

Jóhann Mar Kristjánsson

Mikael Skúli Atlason

Landslið karla U18

Haukur Karvelsson

Freyr Waage Magnússon

Viggó Hlynsson

Vikton Mojzyszek

Arnar Karvelsson

Kristján Hróar Jóhannesson

Orri Valdimarsson

Þórir Aspar Hermannson

Landslið kvenna U18

Eva Hlynsdóttir

Elísa Dís Sigfinnsdóttir

María Sól Kristjánsdóttir

Eftirtektarsamir taka kannski eftir að Viggó Hlynsson keppti með þremur landsliðum á árinu 2022. Öllum þeim sem hann gat löglega spilað með. Elísa Dís Sigfinnsdóttir spilaði sömuleiðis í 2 landsliðum árið 2022. Öllum þeim sem hún gat löglega spilað með.

Meistaraflokkur kvenna í Fjölni varð í 2. sæti í Hertz deild kvenna.

U16 lið Fjölnis varð íslandsmeistari.

U 18 lið Fjölnis fóru í vor með aðeins 8 manns og tóku þar stórkostlegan leik og sigruðu.

Fréttir úr starfinu

Yfirþjálfari: Emil Alengaard, aðstoðaryfirþjálfari Martin Hermansen Aðrir þjálfarar: Martin Simanek, Jóhann Mar Kristjánsson, Holly Steeples, Teresa Snorradóttir og Laura-Ann Murphy Breyting var gerð á árinu þar sem félagið greiddi jr. coaches tímalaun fyrir að aðstoða við þjálfun. Þeir eru Árni Hallsson og Eva Hlynsdóttir

Æfingaraðstaða: Skipt var um gólf í klefum 1-6. Verið er að endurnýja ljós í höllinni. Kvennaklefi var tekin í gegn, tekin niður veggur Verið er að taka í gegn klefa 1-6 og mála. Illa farin þrep í stiga upp til mfl. karla voru löguð. Eins voru málaðir veggir í kringum svellið.

KARATE

Á aðalfundi karatedeildarinnar í febrúar 2022 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Þorsteinn Yngvi Guðmundsson, formaður
- Esther Hlíðar Jensen, gjaldkeri
- Valborg G. Guðjónsdóttir, ritari
- Friðrik Magnússon, meðstjórnandi
- Sif Ólafsdóttir, meðstjórnandi
- Sigríður Þórdís Pétursdóttir, meðstjórnandi
- Willem Cornelis Verhaul, meðstjórnandi

Þetta er þriðja árið sem óbreytt stjórn situr. En að meginuppistöðu hefur stjórn þessi setið með litlum breytingum í á 7. ár. Megináhersla stjórnarinnar á árinu var að finna leiðir til að halda iðkendum við efnið og freista þess að finna leiðir til að fá fólk til að snúa aftur til iðkunar eftir að æfingar féllu niður vegna Covid-19 viðbragða, það hefur gengið eftir. En þó með þeim hætti að talsverð nýliðun varð í iðkendahópnum á meðan eitthvað varð um brottfall hjá þeim sem áður höfðu æft íþróttina.

Inngangur

Rétt eins og árið áður byrjaði árið 2022 með heldur óvenjulegum hætti. Þó má segja að starfsemi deildarinnar hafi gengið ágætlega.

Karatedeildin tók þátt í þeim mótum sem í boði voru með ágætum árangri. En sem gefur að skilja hefur verið fátt um keppnir undanfarin ár.

Venju samkvæmt voru haldnar æfingabúðir og beltapróf undir leiðsögn Sensei Steven Morris. Þetta er 17. árið í sem Sensei Steven kemur til að kenna og staðfesta árangur iðkenda.

Karatekona og -maður ársins voru valin Eydís Magnea Friðriksdóttir og Gabríel Sigurður Pálmason. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þau verða bæði fyrir valinu.

Þjálfarar

Karatedeildin býr að reynslumiklu þjálfarateymi. Þar fer fyrir vöskum hópi yfirþjálfari er sem hefur leitt starfsemina frá stofnun deildarinnar, Willem Cornelis Verheul, 4. dan sem er ábyrgur fyrir öllu starfi í þjálfunaraðstöðu deildarinnar. Aðstoðaryfirþjálfari er Snæbjörn Willemsson Verheul, 3. dan.

Auk ofangreindra starfar lítill hópur aðstoðarþjálfara, 15-22 ára iðkendur sem eiga það sameiginlegt að hafa lokið svartbeltisgráðun. Einn hluti settra markmiða deildarinnar lýtur að því að tryggja framgang iðkenda sem áhuga hafa á að koma að þjálfun annara iðkenda. Þetta er gert bæði til að tryggja að deildin hafi aðgang að fólki með næga þekkingu á karatetæknilegum atriðum sem og starfinu innan deildarinnar. Þannig hafa yngri iðkendur fengið tækifæri til að leggja hönd á plóg með öðrum reynslumeiri þjálfurum.

Það hefur sýnt sig að brottfall iðkenda kemur gjarnan til um 16 ára aldurinn þegar grunnskóla lýkur og fleiri breytingar verða í umhverfi unglinganna. Þá hefur reynst deildinni ágætlega að bjóða nemendum sem vilja draga úr stífum æfingum að taka að sér þjálfun frekar en að hverfa alveg frá íþróttinni.

Starfsárið

Ein helsta keppnin hérlendis er að jafnaði Reykjavik International Games sem haldnir voru í janúar. Á þeim náðu iðkendur Karatedeildar Fjölnis einum gullverðlaunum og einum bronsverðlaunum.

En eftirfarandi eru þau mót og sá árangur sem Fjölnisfólk náði á árinu:

RIG

- Gull í kata fullorðinna kvenna, Eydís Magnea Friðriksdóttir
- Silfur í kata pilta, Gabríel Sigurður Pálmason

Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kata

- Silfur í kata kvenna, Eydís Magnea Friðriksdóttir

Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite

- Brons í kumite kvenna +61kg flokkur, Eydís Magnea Friðriksdóttir

Íslandsmeistaramót unglinga í kata

- Gull í kata stúlkna 16 og 17 ára, Eydís Magnea Friðriksdóttir
- Silfur Kata pilta 15 ára, Gabríel Sigurður Pálmason
- Brons í hópkata táninga 12-13 ára

Íslandsmeistaramót unglinga í kumite

- Gull í kumite 16-17 ára stúlkna +59kg, Eydís Magnea Friðriksdóttir

Íslandsmeistaramót barna í kata

- Silfur í kata 11 ára pilta, Johan Rajesh

GrandPrix 1

- Gull í kata, 16-17 ára stúlkna, Eydís Magnea Friðriksdóttir

GrandPrix 2

- Gull í kata 16-17 ára stúlkna, Eydís Magnea Friðriksdóttir
- Silfur á í kata 14-15 ára pilta, Garíel Sigurður Pálmason
- Silfur í kumite 13 ára stúlkna, Hildur María Torfadóttir
- Silfur í kumite 16 og 17 ára stúlkna, Eydís Magnea Friðriksdóttir

GrandPrix 3

- Gull í kumite 16 -17 ára stúlkna, Eydís Magnea Friðriksdóttir
- Gull í kata 16-17 ára stúlkna, Eydís Magnea Friðriksdóttir
- Silfur í kata 13 ára pilta, Aron Builam Jónsson
- Silfur í kata 14 -15 ára pilta, Gabríel Sigurður Pálmason
- Silfur í kumite 13 ára stúlkna, Hildur María Torfadóttir
- Brons í kata 12 ára pilta, Kevin Rajesh
- Brons í kata 13 ára stúlkna, Klara Ólöf Kristjánsdóttir
- Brons í kumite 13 ára stúlkna, Klara Ólöf Kristjánsdóttir
- Brons í kumite 13 ára pilta, Aron Builam Jónsson

Bikarmót Karatesambands Íslands

- Gull í kata kvenna, Eydís Magnea Friðriksdóttir
- Gull í kumite kvenna, Eydís Magnea Friðriksdóttir

Eydís Magnea vann einnig tvö bronsverðlaun á Evrópumóti smáþjóða í Lichtenstein og tvö brons á Norðurlandamótinu. Frábær árangur hjá okkar konu.

Félagsstarfið

- Innan deildarinnar hafa að jafnaði verið um 90 iðkendur á hverri önn. Við lok Covid 19 tímabilsins hefur orðið sú breytinga að talsverð endurnýjun varð á iðkendum deildarinnar.
- Karatedeildin heldur að jafnaði úti æfingum sex daga vikunnar. Æfingafyrirkomulag er þannig að byrjendur fá að jafnaði tvær kennslustundir í viku á meðan lengra komnir fá þrjár kennslustundir. Því til viðbótar fá þeir

iðkendur sem eru í afrekshópi, sem rekinn er sameiginlega með Karatedeild Aftureldingar, þrjár aukaæfingar á viku.

Karateiðkendur ársins

Karatekona: Eydís Magnea Friðriksdóttir. Það hefur komið fyrir að Eydís vinni ekki þær keppnir sem hún tekur þátt í. En það er ekki ýkja algengt - og henni líkar það ekkert sérlega vel. Sem afrekskona átti Eydís frábært ár. Oftar en ekki kom hún heim með ekki einn, heldur tvo verðlaunapeninga eftir mót.

Eftir að sigra sína flokka í bæði kumite og kata á tveimur af þremur GrandPrix mótum varð hún GrandPrix meistari í kata og svo bikarmeistari á Bikarmótaröð Karatesambands Íslands eftir að leggja hvern mótaðilann á fætur öðrum.

Þess utan sankaði hún að sér eftirfarandi verðlaunum á Íslandsmeistaramótum fullorðinna: þriðja sæti í flokki í kumite, öðru sæti í kata. Á Íslandsmeistaramótum unglinga varð hún svo í fyrsta sæti í kata og öðru sæti í kata. Hún varð líka í fyrsta sæti á alþjólega RIG mótinu í flokki fullorðinna í kata. Að því ógleymdu að hún náði meðal annars bronsverðlaunum fyrir Kata í flokki ungkvenna á Norðurlandamótinu nú í nóvember.

Eydís hefur verið aðstoðarþjálfari hjá karatedeildinni og er meðlimur **í Afrekshópi** hennar um margra ára skeið. ***Metnaður*** er það gildi Fjölnis sem Eydís hefur lifað í starfi sínu innan deildarinnar.

Það er sérstaklega ánægjulegt að veita Eydísi þessi verðlaun núna á síðasta ári hennar hjá deildinni í bili en hún flytur sig um set til annars félags á næsta ári.

Karatemaður: Gabríel Sigurður. Gabríel er fyrirmyndar iðkandi. Einbeittur og duglegur karatemaður. Í ár hefur hann dregið heim silfurpeninga fyrir frammistöðu sína í kata á

Grand Prix mótaröðinni, á Íslandsmeistaramóti ungling og brons fyrir frammistöðu sína á RIG. Það sem er skemmtilegt er að þetta er annað árið í röð sem hægt er að segja nákvæmlega það sama um keppnisniðurstöður hans.

Í salnum mætir hann á allar æfingar og afreksæfingar auk styrktaræfinga og hann gefur sig allan á öllum æfingum

Gabríel er fyrirmyndar íþróttamaður sem sannar að sjálfsagi og einbeiting skilar árangri.

Metnaður og ***Heilbrigði*** eru þau Fjölnisgildi sem Gabríel hefur staðið fyrir í starfi sínu innan karatedeildarinnar.

Silfurmerkjatilnefningar

Auk ofangreinds voru eftirfarandi veitt silfurmerki Fjölnis fyrir framlag sitt til karatedeildarinnar.

Sif Ólafsdóttir, það eru ekki margir sem hafa unnið jafn ósérhlífið starf fyrir hönd karatedeildarinnar. Sif hefur tekist á við sum af erfiðari verkefnum deildarinnar frá því hún kom til starfa. Hún er til dæmis burðarstoð í starfi deildarinnar innan Karatesambands Íslands. Þar sem varla er haldin keppni hjá Karatesambandinu öðruvísi en að Sif leggi þar hönd á plóg.

En hún hefur svo sem ekki látið þar við sitja heldur hefur hún einnig lagt deildinni til iðkendur úr fjölskyldunni. Sif er nefnilega þessi dæmigerða karatemamma sem tók deildina upp á arma sér og hefur svo haldið áfram að hjálpa deildinni sem stjórnarkona löngu eftir að börnin hennar hættu æfingum. Félög og deildir eins og okkar ganga ekki án fólks eins og Sifjar sem leggja sitt af mörkum langt umfram það gera má ráð fyrir.

Esther Hlíðar Jensen - það eru kannski ekki margar íþróttir þar sem foreldrar elta börnin inn í íþróttina og fara að æfa samhliða þeim. En það gerði Esther með sanni og svo þegar sonurinn heltust úr lestinni hélt hún áfram að æfa og hefur nú auk þess um skeið lagt félaginu lið sem gjaldkeri deildarinnar og stjórnarmanneskja.

Á þeim tíma hefur deildin verið með fyrirmyndarrekstur og náð þeim fjárhagslegu markmiðum sem sett hafa verið þrátt fyrir að á ýmsu hafi gengið á þeim tíma.

Hún hefur jafnframt náð að verða sér úti um 2. dan í svartbeltisgráðun og dómararéttindi í karate. Esther er ómissandi fyrir starfsemi karatedeildarinnar.

Sigríður Þórdís Pétursdóttir hefur starfað við karatedeildina síðan 2014 og þjálfar nú unglinga og fullorðna í framhaldshópum.

Sigríður hefur æft karate hjá Fjölni síðan hún var örlítil písl árið 2006 en er nú með 2. dan svart belti auk dómararéttinda.

Hún átti langan og farsælan keppnisferil og varð m.a. Íslandsmeistari í kata. Hún hefur lokið 1. og 2. stigi þjálfararéttinda frá ÍSÍ og stundar nú nám við Háskóla Íslands í sjúkraþjálfunarfræðum.

Það leynist engum að hjarta Siggu slær fyrir velgengni og vellíðan iðkenda karatedeildarinnar, við hin finnum það glögglega.

Páll Haraldsson, er einn af þeim sem hefur lengi verið til fyrirmyndar innan félagsins sem og innan karateíþróttarinnar. Hann hóf æfingar hjá Fjölni árið 2007 og hefur síðan verið óslitið að æfingum og störfum hjá félaginu.

Hann komst í afrekshóp þegar hann hafði aldur til og keppti með góðum árangri fyrir hönd Fjölnis á fjölda móta. Eftir að keppnisferli lauk hefur Páll margsinnis tekið að sér starf liðsstjóra Fjölnis á mótum. Hann tók jafnframt að sér þjálfun árið 2016 og er nú vinsæll þjálfari og stuðningsmaður keppenda á mótum.

Heimspeki karateíþróttarinnar kveður á um að iðkendum beri að gefa til baka til félagsins og Páll er þar til fyrirmyndar. Hann hefur lokið 2. Dan gráðun fyrir svart belti og eftir 15 ára starf með Fjölni sér engan bilbug á honum.

Rekstrarárangur

Rekstrarárangurinn á árinu var með ágætum. Helstu rekstrarniðurstöður ársins urðu svo (í þúsundum króna):

	2022	2021	2020	2019	2018	2017
Heildartekjur	7.745	6.604	6.443	7.203	7.068	5.985
Heildarkostnaður	6.546	6.231	5.290	6.677	5.584	5.119
Heildarhagnaður	1.199	323	1.153	423	1.485	866

Af ofangreindu leiðir að niðurstaða í rekstri deildarinnar varð um 1.199 þúsund í rekstrarafgang eða rétt ríflega 15% af heildartekjum deildarinnar. Þetta er talsvert betra en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir.

Sem fyrr segir hefur stjórnin sett sér markmið er lúta að fjárhagslegri afkomu deildarinnar og miðast þau við að skila um það bil 1 milljón í rekstrarafgang.

Fjárhagslega stendur deildin vel og á ríflega 6 milljónir í handbæru fé.

Stjórnin þakkar þjálfurum, iðkendum og forráðamönnum þeirra fyrir samstarfið á árinu. Sérstakar þakkir fær yfirþjálfari deildarinnar sem hefur veg og vanda af öllu er snýr að faglegu starfi deildarinnar.

Fyrir hönd stjórnar:

Þorsteinn Yngvi Guðmundsson

Formaður

KNATTSPYRNA

Kjörin stjórn á aðalfundi knattspyrnudeildar árið 2022 var eftirfarandi:

- Geir Kristinsson, formaður
- Hjörleifur Þórðarson
- Laufey Jörgensdóttir
- Trausti Harðarson
- Marinó Þór Jakobsson
- Sævar Reykjalín
- Kári Arnórsson
- Ívar Björnsson, varamaður
- Guðbjarni Eggertsson, varamaður

BUR

Starfið hjá Barna- og unglingaráði Fjölnis (BUR) fór vel af stað í ársbyrjun eftir afléttingar COVID og iðkendur skiluðu sér aftur á æfingar á næstu mánuðum og í dag eru skráðir iðkendur 913. Þjálfarateymið tók miklum breytingum á árinu þegar tveir nýir yfirþjálfarar voru ráðnir, þeir Björn Breiðfjörð Valdimarsson og Luka Kostic. BUR hafa borist ánægjuraddir vegna ráðningu nýrra yfirþjálfara frá bæði foreldrum og þjálfurum félagsins sem báðir blása nýju lífi og nýjum áherslum í starfið.

Afreksæfingar hófust um miðjan nóvember og fagráð sér skipað meðlimum úr BUR (1 aðili), þjálfurum meistaraflokka kvenna/karla og yfirþjálfurum. Luka stýrir afreks starfinu og fá iðkendur persónulega þjónustu sem sniðnar eru í kringum þeirra dagskrá.

Tækniæfingar hófust 17. september á vegum Luka fyrir iðkendur í 5. og 4. flokki karla og kvenna. Fyrsta námskeiðið stóð í 3 mánuði. og voru æfingar einu sinni í viku í 60 mín í senn. Hópnum var skipt upp eftir flokkum en 5. flokks stelpur og strákar æfðu saman og sama fyrirkomulag var líka hjá 4 flokki. Á þessu fyrsta námskeiði voru skráðir rúmlega 120 iðkendur.

Styrktarþjálfun er næsta verkefni sem stefnt er að í samráði við yfirþjálfara sem er mikilvægt í nútíma þjálfun og búið er að staðfesta að hún muni hefjast á næstu vikum hjá yngri flokkum félagsins.

Yngri flokkar félagsins flykktust á öll helstu mót sumarsins sem haldin voru með hefðbundnum hætti eftir fullar afléttingar vegna Covid. Þau mót sem farið var á eru eftirfarandi:

Mót innanlands:

7.flokkur karla - Norðurálsmót

6.flokkur karla eldra ár - Orkumótið

5.flokkur karla - N1 mótið

4.flokkur karla- Rey Cup

7.flokkur kvenna - Símamótið

6.flokkur kvenna - Símamótið

5.flokkur kvenna - Símamótið

4.flokkur karla - Helsinki Cup - Gekk vel. Bæði lið duttu út í 8-liða úrslitum

4.flokkur kvenna - Gothia Cup - Gekk àgætlega

3.flokkur karla - Gothia Cup - Gekk vel - Öll þrjú liðin náðu í 32-liða úrslitin

3.flokkur kvenna - Gothia Cup

Barna og unglingaráð hefur lagt metnað sinn í að styrkja samstarf við þjálfara, foreldraráð og skrifstofu félagsins með markvissum hætti. Meðlimir BUR hafa sl. 2 ár verið með kynningar inná öllum foreldrafundum yngri flokka. Jafnframt hafa verið haldnir fundir með foreldraráðum og handbók BUR verið uppfærð. Dagatal fyrir knattspyrnudeild með öllum helstu viðburðum, mótum og fríum birt foreldrum og iðkendum til upplýsinga. Farið var í stefnumótunarvinnu í nóvember til að meta starf BUR og skerpa áherslur sem gekk vonum framar.

BUR stóð fyrir fyrirlestri fyrir iðkendur á milli jóla og nýárs ætlaður iðkendum 4. 3., og 2. flokki kvenna og karla. Fjölnismaðurinn Bergsveinn Ólafsson hélt þar fyrirlesturinn ,,Betri í dag en í gær" og var mætingin frábær.

Við horfum björt til framtíðar eftir lærdómsríkt og erfitt ár þar sem stórt skarð var hoggið í ráðið eftir skyndilegt fráfall formanns BUR, Sævars Reykjalín Sigurðssonar. Okkar von er að halda áfram hans góða starfi í þágu barna félagsins með þeirra hag í fyrirrúmi.

Meistaraflokkur kvenna

Keppnistímabilinu 2022 má best lýsa sem Davíð á móti Golíat. Liðið spilaði í Lengjudeildinni, fékk þrjá erlenda leikmenn til styrkingar við uppaldar stúlkur Fjölnis og aðra öfluga leikmenn. Þeir erlendu leikmenn sem komu til liðsins í sumar voru þær, miðvörðurinn Momola Adesanm frá Bandaríkjunum sem stóð sig frábærlega á vellinum sem utan vallar fyrir liðið og félagið, markvörðurinn Sofia Manner sem var á hæsta stigi í hæfileika en náði þó ekki nema helming leikja sumarsins og sóknarmaðurinn Anniina Sankoh sem var meira og minna frá vegna meiðsla yfir sumarið en báðar þær síðarnefndu eru frá Finnlandi en komu beint úr háskólaboltanum í Bandaríkjunum.

Ljóst var í lok sumars að liðið yrði að ári í 2. deild og var þá leitast eftir að finna nýjan þjálfara til að hefja haustið að krafti og byrja nýtt ár uppbyggingar. Ráðinn var inn Magnús Haukur Harðarson mikill Fjölnismaður, reynslumikill þjálfari með mikinn áhuga og kraft til að vinna með meistaraflokk kvenna.

Það urðu líka jákvæðir sigrar sumarið 2022 en U20 lið meistaraflokksins vann deildarmeistaratitil sumarsins sem var frábært hjá stúlkunum og liðinu sem heild. Kjarninn í Fjölnisliðinu er nú sem fyrr myndaður af heimastelpum en þó í bland við

skemmtilega og sterka leikmenn sem koma annarsstaðar frá sem hafa smellpassað inn í umhverfið okkar í Grafarvoginum.

Undirbúningstímabilið fer einkar vel af stað í ár, stór hópur hæfileikaríkra leikmanna sem mynda liðshópinn. Æfingarferð til Spánar verður farin í mars næst komandi og þjálfarateymið í heild klárt, til viðbótar við Magnús aðalþjálfara verður Gunnar Hauksson aðstoðarþjálfari, Alda Ólafsdóttir styrktarþjálfari og Kristinn Jóhann Laxdal markmannsþjálfari.

Í lok árs voru þau Elvý Rut Búadóttir og Lúkas Logi Heimisson leikmenn meistaraflokka Fjölnis valin knattspyrnukona og knattspyrnukarl ársins.

Meistaraflokkur karla

Árið 2022 var jákvætt hjá að mörgu leyti þó svo að markmiðið um að komast upp í efstu deild hafi ekki gengið eftir. Margir ungir og uppaldir Fjölnismenn fengu tækifæri til að láta ljós sitt skína á vellinum í gulu treyjunni. Spilamennska liðsins var mjög góð á köflum og nóg var af mörkum í leikjum liðsins sem skoraði að meðaltali 2,3 mörk í leik en fékk hins vegar 1,7 mörk á sig að meðaltali. Liðið endaði með 36 stig í 4. sæti í Lengjudeild karla. Liðið datt út í 3. umferð Mjólkurbikarsins gegn Njarðvík eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni. Þá var Lúkas Logi valinn í lið ársins í Lengjudeild af fréttaveitunni Fótbolti.net og var hann vel að þeirri viðurkenningu kominn. Lúkas skoraði 8 mörk í 17 leikjum á tímabilinu. Margir ungir leikmenn fóru á reynslu erlendis til Ítalíu en Júlíus Mar Júlíusson fór bæði til Torino FC og Hellas Verona, Halldór Snær Georgsson fór til Cosenza Calcio, Daníel Ingvar fór til Hellas Verona og Óskar Dagur Jónasson fór til IFK Göteborg í Svíþjóð.

Þjálfarateymið samanstóð af Úlfi Arnari Jökulssyni, Gunnari Sigurðssyni, Einari Finnboga Jóhannessyni og þá var styrktarþjálfun liðsins í tryggum höndum Erlends Jóhanns Guðmundssonar en ánægja var með þeirra störf á tímabilinu. Ný andlit bættust við í leikmannahópinn en þeir Hákon Ingi Jónsson, Reynir Haraldsson, Killian

Colombie, Bjarni Þór Hafstein og Arnar Númi Gíslason voru fengnir til liðsins og stóðu sig með prýði.

Þau stórtíðindi áttu sér stað í júní að ítalska liðið Venezia FC ákvað að nýta sér kaupákvæði í lánasamningi sem var gerður sumarið 2021 og keyptu Hilmi Rafn frá Fjölni. Þetta er virkilega jákvætt fyrir félagið bæði fjárhagslega en sýnir jafnframt enn og aftur að leikmenn geti farið beint í atvinnumennsku frá Fjölni.

Fjölnir varð í fyrsta sinn Íslandsmeistari í sögu 2. flokks karla á árinu 2022 en strákarnir tryggðu sér titilinn þegar það voru enn þrjár umferðir eftir. Gríðarlegt afrek og titilinum var vel fagnað á Extra vellinum ásamt fjölda áhorfenda sem studdu strákana til sigurs.

Það verður gaman að fylgjast með mjög öflugu Fjölnisliði á komandi tímabili þar sem markmiðið er að komast í deild þeirra bestu á nýjan leik þar sem félagið á heima.

KÖRFUBOLTI

Á aðalfundi körfuknattleiksdeildarinnar í febrúar 2022 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Birgir Guðfinnsson, formaður
- Gunnar Jónatansson, meðstjórnandi
- Guðleif Hafdís Indriðadóttir, meðstjórnandi
- Guðjón Heiðar Sigurðsson, meðstjórnandi
- Styrmir Freyr Böðvarsson, meðstjórnandi

Starf deildarinnar gekk vel á árinu 2022 og var árangurinn góður. Meistaraflokkur kvenna varð deildarmeistari Subway deildarinnar í fyrsta sinn í sögu kvennakörfunnar hjá Fjölni auk þess sem titillinn er sá fyrsti í boltagrein í efstu deild hjá félaginu í heild.

Ungt og efnilegt lið meistarflokks karla komst í úrslitakeppni 1. deildarinnar en strákarnir töpuðu einvíginu á móti Hetti Egilsstöðum sem síðar komst upp í efstu deild.

Drengjaflokkur varð Íslands- og bikarmeistari á árinu en liðið er firnasterkt og hefur unnið fjölmarga titla upp yngri flokka.

Stúlknaflokkur varð bikarmeistari á árinu og var það fyrsti kvennatitill sem unnist hefur hjá Fjölni í yngri flokkum. Liðið komst svo í úrslitaleik Íslandsmótsins en tapaði fyrir Haukum.

Haldin voru tvö minniboltamót á árinu sem voru mikil að umfangi og heppnuðust þau bæði mjög vel og var það umtalað hjá þeim liðum sem komu í Grafarvoginn hversu lipurt allt gekk fyrir sig í skipulagi og framkvæmd mótanna.

Í ljósi góðrar framkvæmdar ofangeindra móta fór Körfuknattleikssamband Íslands þess sérstaklega á leit við Fjölni að taka við framkvæmd úrslitahelgar Íslandsmóts yngri flokka þar sem Haukar, sem áttu að halda viðburðinn, gátu ekki séð um það. Úrslitahelgin reyndist þó verða úrslitavika þar sem mun meiri fjöldi var af leikjum en vanalega. Ákveðið var að spila til úrslita í neðri deildum Íslandsmóts aukalega sem sárabót fyrir almenn leiðindi sem heimsfaraldurinn hafði orsakað. Það fyrirkomulag heppnaðist vel og var mikil ánægja með þann lokapunkt á tímabilinu sem og framkvæmd úrslitavikunnar af hálfu Fjölnis.

Loks tókst svo að halda Fjölnismótið okkar í nóvember eftir að hafa þurft að fella það niður tvö árin á undan í skugga heimsfaraldurs. Mótið heppnaðist frábærlega og yfir 500 krakkar á aldrinum 6-10 ára skemmtu sér konunglega.

Helstu afrek ársins 2022

Margir flokkar náðu góðum árangri á árinu 2022 og ber þar helst að líta:

- Meistaraflokkur kvenna varð deildarmeistari Subway deildar í fyrsta sinn en það er jafnframt fyrsti titill í efstu deild í boltagrein hjá Fjölni í sögu félagsins. Hins vegar lutu stelpurnar í lægra haldi fyrir Njarðvík í 4 liða úrslitum Íslandsmótsins en Njarðvík enduðu svo á að verða Íslandsmeistarar í vor eftir sigur á Haukum.
- Meistaraflokkur karla komst í 4 liða úrslit 1. deildar vorið 2022 en töpuðu á móti Hetti Egilsstöðum sem í kjölfarið sigraði næsta andstæðing og komst upp í efstu deild.
- Drengjaflokkur, strákar fæddir 2004 og 2005, varð bæði Íslands- og bikarmeistari vorið 2022.
- 7. flokkur drengja fékk silfur í Íslandsmótinu sl. vor eftir hörkubaráttu við Stjörnuna í úrslitaleik mótsins en þetta er annað árið í röð sem þeir spila til úrslita Íslandsmóts,

- Unglingaflokkur, drengir fæddir 2001-2003, fóru í úrslitaleik bikarkeppninnar en biðu lægri hlut á móti KR í hörkuleik þar sem úrslitin réðust á lokasekúndunum. Flokkurinn fór svo í 8 liða úrslit Íslandsmótsins en liðið var slegið út af Selfossi.
- Stúlknaflokkur gerði sér lítið fyrir og varð bikarmeistari í vor eftir sigur á Stjörnunni í hörkuleik og er það fyrsti titill sem unnist hefur í yngri flokkum stúlkna hjá Fjölni. Þær náðu hins vegar ekki að fylgja þeim titli eftir og töpuðu fyrir Haukum í úrslitaleik Íslandsmótsins og uppskáru því silfurverðlaun.
- 7. flokkur stúlkna vann svo til silfurverðlauna á Íslandsmótinu í vor eftir úrslitaleik við Hauka en þetta var annað árið í röð sem þær vinna til silfurverðlauna. Efnilegur flokkur sem er líklegur til að fara alla leið nú í ár.

Það dró svo til tíðinda á uppskeruhátíð Fjölnis fyrir skömmu þegar Dagný Lísa Davíðsdóttir var valin íþróttakona Fjölnis árið 2022 við hátíðlega athöfn í Egilshöll. Dagný var valin mikilvægasti leikmaður Subway deildarinnar í fyrra sem og valin í landslið Íslands og því vel að þessari nafnbót komin.

Landsliðshópar

Fjölnir býr yfir mörgum hæfileikaríkum leikmönnum sem valdir hafa verið í landsliðshópa síðustu ára.

Síðasta sumar kepptu Heiður Karlsdóttir, Hilmir Arnarsson og Karl Ísak Birgisson fyrir hönd Íslands í U18 ára landsliðunum. Bæði drengja- og stúlknaliðið keppti á Norðurlandamóti í Finnlandi en síðan kepptu stelpurnar á Evrópumóti í Búlgaríu og strákarnir á Evrópumóti í Rúmeníu. Victoría Lind Kolbrúnardóttir keppti með U16 ára landsliðinu bæði á Norðurlandamóti í Finnlandi og á Evrópumóti í Makedóníu. Sigrún María Birgisdóttir keppti með U15 ára landsliðinu á æfingamóti í Finnlandi.

Nú, í lok árs 2022, voru 15 af iðkendum okkar í æfingahópum yngri landsliða og bíðum við spennt og vonum að sem stærstur hluti hópsins komist í lokahópana fyrir verkefni sumarsins. Brynjar Kári Gunnarsson, Hilmir Arnarsson, Garðar Kjartan Norðfjörð og Elvar Máni Símonarson voru valdir í U18 hóp drengja. Í U18 hópi stúlkna voru Bergdís

Anna Magnúsdóttir, Heiður Karlsdóttir, Victoría Lind Kolbrúnardóttir og Aðalheiður Ella Ásmundsdóttir. Í U16 hópi stúlkna voru Sigrún María Birgisdóttir, Arndís Davíðsdóttir, Kara Rut Hansen, Vilborg Júlíana Steinsdóttir og Rebekka Öxndal Ingibjörnsdóttir. Í U15 hópi stúlkna var Aðalheiður Davíðsdóttir og í U15 ára hópi drengja var Lárus Björn Björnsson. Ekki hefur verið valið U20 hópinn ennþá og því gæti fjölgað frá Fjölni í yngri landsliðum.

Fjölnir á auk unga fólksins einn fulltrúa í A-landsliði kvenna sem er Dagný Lísa Davíðsdóttir.

Við erum ákaflega stolt af okkar landsliðsfólki.

Þjálfarar

Þjálfarateymi Fjölnis er öflugt og er það mikill fjársjóður fyrir félagið að hafa svo öflugan hóp á bakvið iðkendur okkar. Í sumar urðu þó miklar breytingar á þjálfarahópnum en sumir þjálfarar höfðu verið hjá okkur í allmörg ár og hafa vaxið í starfi sínu fyrir deildina og myndað kjölfestu í starfinu sem hefur verið ómetanlegt. Stór hluti reynslumestu þjálfaranna sögðu skilið við okkur og því var stórt gat sem þurfti að fylla. Því er talsvert um nýja og unga þjálfara hjá okkur sem fara vel af stað á sínum þjálfaraferli. Stjórn Körfuknattleiksdeildar Fjölnis styður þjálfara sem sækja sér þekkingu innan fræðslukerfis KKÍ og mun gera áfram.

Staða yfirþjálfara var laus hjá félaginu síðasta haust en því miður náðist ekki að manna þá stöðu. En það er mat stjórnar að með réttum aðila í stöðuna má auka festu og fagmennsku á yngri flokka þjálfun og bæta utanumhald á starfinu í heild.

Yngri flokka starfið

Yngri flokka starf félagsins hefur haldist í svipuðu horfi þegar kemur að iðkendafjölda síðastliðið ár.Veturinn nú hefur verið mun betri en veturinn á undan, laus undan öllum samkomutakmörkunum og því hefur verið hægt að halda úti æfingum og keppni á öllum aldursstigum án takmarkana á áhorfendafjölda. Okkur tókst loks að halda

Fjölnismótið okkar í nóvember en við þurftum að slá mótið af tvö árin á undan sem hefur komið sér afar illa fyrir deildina en mótið er einn stærsti viðburður Fjölnis sem og stærsta fjáröflun deildarinnar.

Fjölnismótið fór fram 19. – 20. nóvember og þótti takast með miklum sóma. Rósa Benediktsdóttir fór fyrir hópi sjálfboðaliða sem mótstjóri. Mótið er sett upp sem frábær skemmtun fyrir keppendur á aldrinum 6-10 ára, spilaðir eru körfuboltaleikir í aldursflokkum og boðið upp á allskyns afþreyingu þar sem hápunkturinn er blysför og kvöldvaka. Fjölnismaðurinn mikli, Ragnar Torfason, stýrði kvöldvökunni að þessu sinni með miklum glæsibrag. Keppendur á mótinu voru tæplega 540 talsins en með forráðamönnum má búast við að fjöldinn hafi verið upp undir 1700 manns sem heimsótti okkur á mótið að þessu sinni.

Meistaraflokkar

Meistaraflokkur kvenna hefur ekki náð að fylgja eftir góðum árangri á síðasta tímabili. Þjálfari liðsins er Kristjana Eir Jónsdóttir og er þetta frumraun hennar í efstu deild sem aðalþjálfari. Liðið er samansett af mjög ungum leikmönnum sem þurfa mikinn stuðning frá atvinnumönnum til að það geti látið að sér kveða í Subway deildinni. Erlendir leikmenn liðsins hafa hins vegar ekki staðið undir væntingum sem hefur sett stórt strik í reikninginn auk þess sem besti leikmaður liðsins hefur ekki getað spilað síðustu tvo mánuði vegna meiðsla. Til að bæta gráu ofan á svart, ákvað reynslumesti leikmaðurinn og aðstoðarþjálfari að yfirgefa liðið nú í janúar. Stelpurnar láta hins vegar slíka framkomu ekki slá sig út af laginu og ætla að skilja allt eftir á gólfinu og klára tímabilið með sóma. Öll þessi áföll og drama í vetur eru hörð áminning um að velgengni í efstu deild er ekki sjálfsögð. Það þarf allt að smella saman ef móta á lið sem hefur burði til að fara alla leið!

Meistaraflokkur karla byrjaði tímabilið á góðum sigri en tapaði svo býsna mörgum leikjum í kjölfarið, flestum með afar litlum mun, meira að segja tveimur leikjum með flautukörfum! Gerðar voru tvær breytingar á erlendum leikmönnum liðsins en að þessu sinni eru 3 erlendir atvinnumenn með liðinu og stefnan sett á að komast upp í efstu deild. Breytingarnar hafa komið vel út og liðið byrjað að vinna leiki og nálgast óðum

sæti í úrslitakeppninni. Liðið er skipað drengjum úr 12. flokki og ungmennaflokki að undanskildum fjórum leikmönnum, væntanlega yngsta meistaraflokkslið landsins. Ákveðið var sl. sumar að keyra liðið á uppöldum Fjölnismönnum með þremur atvinnumönnum undir stjórn Borche Ilievski Sansa. Árangurinn og framfarirnar hafa ekki látið á sér standa og hafa drengirnir farið vel með þá ábyrgð sem þeim var falin. Liðið spilar hraðan og skemmtilegan körfubolta. Vonandi tekst liðinu að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni og þá getur allt gerst í vor.

Stjórn Körfuknattleiksdeildar Fjölnis þakkar sjálfboðaliðum, foreldrum/forráðamönnum, styrktaraðilum og starfsmönnum Fjölnis fyrir frábært samstarf í vetur.

Áfram Fjölnir!

LISTSKAUTAR

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi listskautadeildar í febrúar 2022:

- Waleska Giraldo Þorsteinsson, formaður – hætti um sumarið
- Gunnar Traustason, gjaldkeri og svo formaður frá sumri
- Tinna Arnardóttir, meðstjórnandi og varaformaður frá sumri
- Sigríður Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
- Sarah Mohammedi, meðstjórnandi - hætti um haustið
- Rósa Munda Sævarsdóttir, meðstjórnandi frá sumri
- Sonja B. Guðbjörnsdóttir, meðstjórnandi

Skýrsla formanns

Árið 2022 var viðburðaríkt í starfi listskautadeildar Fjölnis. Þegar árið byrjaði var nýr þjálfari, Benjamin Naggiar, nýtekinn við stöðu yfirþjálfara deildarinnar. Fyrir honum lá mikið uppbyggingarstarf eftir erfitt tímabil í lok fyrra árs, þegar við vorum yfirþjálfaralaus. Hann kom með sterkar hugmyndir inn í starfið og með miklum drifkrafti var tekist á við árið. Fjölgað var tímum hjá sumum skauturunum og mikill metnaður settur í starfið. Skautaíþróttin er samt íþrótt þar sem árangur tekur hægum framförum en við teljum okkur hafa séð mikinn stíganda í gegnum árið og horfum björtum augum á framtíðina.

Það voru nokkrar mannabreytingar á árinu. Eva Björg Bjarnardóttir, sem hafði sinnt stöðu skautastjóra og þjálfara hjá okkur hætti störfum eftir vorönnina og skellti sér í nám til Svíþjóðar. Við vonumst til að sjá hana aftur í starfi félagsins þegar hún snýr aftur. Það gekk mjög erfiðlega að finna annan skautastjóra í stað hennar. Helga Karen Pedersen reyndi að fylla í skarðið en gat það ekki vegna anna í náminu sem hún stundar. Við náðum ekki að ráða annan í stöðuna á síðasta ári þrátt fyrir ítekaðar tilraunir en það tókst loks í byrjun 2023. Kamila Jezierska Melo, dansþjálfari hætti einnig eftir vorönnina og um hasutið tók Magdalena Bartczhak við dansþjálfarastöðunni og sinnti hún starfinu út árið. Í byrjun 2023 tók Chantelle Carey við starfi skautastjóra listskautadeildar og sinnir hún einnig danskennslu. Við erum mjög ánægð með að hafa fengið hana til okkar og vonumst eftir miklu frá henni.

Við héldum vorsýningu í maí og svo síðar jólasýningu í desember og var gaman að hafa aftur tækifæri til að fá foreldra og aðra vandamenn í Egilshöllina að horfa á skautarana sýna listir sínar eftir langt Covid hlé.

Um sumarið voru haldnar okkar árlegu sumarbúðir. Þær gengu mjög vel. Allir okkar þjálfarar tóku þátt í þeim, ásamt Illariu Nogaro, aðalþjálfara SR. Gestaþjálfarar komu frá Ítalíu, Barbara Luoni og Franca Bianconi og erum við mjög ánægð með að hafa fengið þær til okkar. Þáttaka í búðunum var mjög góð og fengum við skautara frá SR og SA í búðirnar bæði af því að þær voru mjög góðar en þó einnig af því að hinir skautaklúbbarnir misstu svellin sín vegna viðhalds og annarra ástæða um sumarið.

Farið var í tvær keppnisferðir ár árinu, á Stockholm Trophy í Svíþjóð um vorið og Santa Claus Cup í Ungverjalandi í desember. Það fóru töluvert fleiri skautarar um vorið, enda erfiðara að fara rétt fyrir jól, en báðar ferðirnar vor vel heppnaðar og erum við ánægð með árangur skautaranna í þeim ferðum.

Árangur iðkenda hefur verið góður á árinu og farið batnandi því lengra sem liðið hefur á það. Hann hefur farið stöðugt fram og við vonumst eftir áframhaldi á því. Ísland fékk að senda skautara á tvö Junior Grand Prix mót og Fjölnisstelpan Júlía Sylvía Gunnarsdóttir var fulltrúi Íslands á þeim báðum. Aldís Kara Bergsveinsdóttir, skautakona ársins 2022 hjá Skautasambandi Íslands, flutti sig yfir til Fjölnis um haustið og fengu Aldís og Júlía Sylvía gullverðlaun á öllum mótum skautasambandsins um

haustið, þar með talið hreppti Júlía Sylvía Íslandsmeistaratitil í Junior flokki. Aldís Kara ákvað að hætta iðkun skautaíþróttarinnar um haustið og þökkum við henni samstarfið þó að stutt hafi verið.

Júlía Sylvía Gunnarsdóttir var valin íþróttakona listskautadeildar árið 2022. Hún stóð sig eftir væntingum í vor og keppti meðal annars á Reykjarvíkurleikunum og Norðurlandamóti í Danmörku. Í haust tók hún miklum framförum. Hún stóð sig vel á tveim Junior Grand Prix mótum, fékk lof fyrir tjáningu á dansinum þar og var í fyrsta sæti á Haustmóti Skautasambandsins. Á Íslandsmeistaramótinu stóð hún sig sérstaklega vel og varð Íslandsmeistari með mikilli bætingu og einu af hæstu skorum sem Íslendingur hefur náð. Hún er dugleg og góð fyrirmynd fyrir yngri skautarana og hún stefnir á að bæta sig enn meira á næsta ári.

F.h. stjórnar Listskautadeild Fjölnis

Gunnar Traustason, formaður

Fjármál

Rekstur listskautadeildarinnar hefur verið þungur undanfarin ár og var reksturinn þungur á síðasta ári líka. Iðkendum fækkaði umtalsvert á Covid tímum og þó að þeim fari fjölgandi aftur þá gengur það hægt og endaði árið með tapi. Iðkendum fjölgaði á hasutönninni en ekki eins mikið og áætlanir vonuðust eftir. Til að koma í veg fyrir að það gerist aftur þá þurfti að hækka æfingagjöld eitthvað meira en verðþróun í landinu núna á vorönninni en fórum við samt eins varlega í það og við gátum.

Starfsemi Listskautadeildar

Iðkendur, þjálfarar og keppnistímabilið

Iðkendur

Alls voru 211 iðkendur á vorönn 2022 sem skiptist: 129 skautarar í skautaskólanum, 58 skautarar í framhaldshópum, 24 skautarar í unglinga og fullorðinshóp. Á haustönninni

voru 137 iðkendur sem skiptist: 88 skautarar í skautaskólanum, 41 skautarar í framhaldshópum og 8 skautarar í unglinga og fullorðinshóp.

Þjálfarar

Fáar breytingar voru í þjálfarateymi deildarinnar á árinu. Yfirþjálfari deildarinnar var Benjamin Naggiar en hann tók við í desember 2021.

Eva Björg Bjarnadóttir hætti og fór í nám og Kamila Jezierska Melo hætti sem dansþjálfari, um haustið tók við Magdalena Bartczhak og sinnti hún starfinu út árið. Í byrjun 2023 tók Chantelle Carey við starfi skatuatjóra listskautadeildar og sinnir hún einnig danskennslu.

Aðrir þjálfarar árið 2021 voru Sólbrún Erna Víkingsdóttir yfirþjálfari Skautaskólans, Helga Karen Pedersen, Vigdís Björg Einarsdóttir, Ísabella Jóna Sigurðardóttir, Ásta Lovísa Vilhjálmsdóttir, Íris María Ragnarsdóttir, Thelma Veronika, Sandra Dís, Tania Dagmar og Lena Rut Ásgeirsdóttir.

Þátttaka í innlendum mótum

Reykjavíkurleikarnir (RIG) voru haldnir í Laugardal 4.-6. Febrúar 2022. Mótinu var skipt í alþjóðlegt mót og klúbbalínu mót. Fjölnir átti einn keppanda á alþjóðlega mótinu, Júlíu Sylvíu Gunnarsdóttur en 5 keppendur voru skráðir á klúbbalínu mótið.

Vormót ÍSS og Kristalsmót voru haldin á Akureyri í mars. Fjölnir átti einu keppendurna í Junior Women (Júlía Sylvía Gunnarsdóttir) og Senior Women (Herdís Birna Hjaltalín) og fékk gullverðlaun í þeim. Því miður fundust ekki frekari upplýsingar um þáttökuna á þessu móti við vinnslu þessarar skýrslu.

Haustmót ÍSS var haldið í Egilshöll helgina 1.-3. október. Fjölnir var með 12 keppendur sem kepptu í 6 flokkum. Fjölnir vann 5 gullverðlaun af 8 flokkum á mótinu, 1 silvurverðlaun og 2 bronsverðlaun og er það mun betri árangur en árið áður.

Kristalsmót í félagalínu var haldið í Egilshöll 16. október 2021. 12 keppendur tóku þátt á mótinu fyrir hönd Fjölnis í 5 keppnisflokkum og voru nokkrar að keppa á sínu fyrsta móti. Edil Mari Campos Tulagan var í 1. sæti í flokki 12 ára og yngri.

Íslandsmót ÍSS var haldið í Laugardal helgina 19.-21. nóvember 2021. Fjölnir var með x keppendur sem kepptu í Cubs kepptu 3 Fjölnisstelpur. Í Chicks Girls keppti ein Fjölnisstelpa. Í Basic Novice Girls kepptu 3 Fjölnisstelpur og lentu Elín Katla Sveinbjörnsdóttir í 1. sæti, Berglind Inga Benediktsdóttir í 2. Sæti og Arna Dís Gísladóttir í 3. sæti. Í Intermediate Novice Girls keppti ein Fjölnisstelpa og lenti Ísabella Jóna Sigurðardóttir í 3. sæti. Í Intermediate Women kepptu 3 Fjölnisstelpur og Tanja Rut Guðmundardóttir lenti í 1. sæti og Rakel Sara Kristinsdóttir lenti í 2. sæti. Í Junior Women kepptu 2 Fjölnisstelpur. Lena Rut Ásgeirsdóttir lenti í 3. sæti og Júlía Sylvía Gunnasdóttir varð Íslandsmeistari á einu hæsta skori sem íslenskur skautari hefur náð.

Þátttaka á erlendum mótum

Norðurlandamót 2021 var haldið í Danmörku þetta árið og átti Fjölnir einn keppanda á mótinu, Júlíu Sylvíu Gunnasdóttur.

Junior Grand Prix fór fram í Ostrava í Tékklandi í ágúst og Egna í Ítalíu í október. Júlía Sylvía Gunnarsdóttir var valin til að keppa á báðum mótum fyrir Íslands hönd og keppti í flokknum Junior Women. Júlía Sylvía stóð sig vel á mótinu og er búin að taka framförum og á greinilega nóga framför inni.

Framundan

Grunnpróf verða fljótlega en eigum eftir að fá staðfest dagsetningu frá ÍSS.

Tvö mót eru eftir á tímabilinu. ÍV mótið í félagalínunni verður haldið og Vormót ÍSS. Bæði mótin verða haldin á Akureyri.

Við erum að skoða að fara á mót erlendis nánari upplýsingar munu koma síðar.

Stefnt er að því að halda vorsýningu og jólasýningu á árinu og vonum til að þær verði enn glæsilegri en áður með nýjum danskennara sem hefur sérstakan áhuga á dansi, sýningum og söngleikjum.

Að venju verða sumarbúðir haldnar í júní. Nánari upplýsingar munu koma síðar.

SKÁKDEILD

Á aðalfundi skákdeildarinnar þann 9. febrúar 2022 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Helgi Árnason, formaður
- Erlingur Þorsteinsson, varaformaður
- Margrét Cela, ritari
- Jóhann arnar Finnsson, gjaldkeri
- Gunnlaugur Egilsson, meðstjórnandi
- Aneta Kamila Klimaszweska, varamaður

Virkir félagar deildarinnar eru 110. Engin félagsgjöld eru innheimt.

Starfsemin

Sérstaða Skákdeildar Fjölnis í samnburði við önnur skákfélög landsins er sú hversu mikill fjöldi stúlkna æfir og teflir fyrir skákdeildina bæði í flokki barna-og ungmenna og einnig á Íslandsmóti skákfélaga. Einstakur afrekshópur stúlkna er að koma upp meðal stúlkna á grunnskólaaldri, hópur sem vinnur til verðlauna bæði í stúlkna-og opnum flokki. Skákdeildin vill sem standa í orði og á borði við jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar og Íþróttasambandsins um jafna þátttöku og tækifæri.

Skákdeildin hélt reglulega æfingar fyrir börn og unglinga í Rimaskóla á fimmtudögum kl. 16.30 - 18:30 í janúar – maí og í september – desember. Æfingarnar voru skipulagðar með þeim hætti að leiðbeinendur tóku skiptu með sér 2 – 3 hópum við skákþjálfun 5 umferða skákmót. Veitt voru 15 - 25 verðlaun eða happadrættisvinningar fyrir frammistöðu á skákæfingum og í skákhléi var börnunum boðið upp á veitingar, gómsæta skúffuköku og nóg af köldu vatni.

Á hverja æfingu mættu almennt 50 – 60 börn og unglingar, nokkuð jafnt drengir og stúlkur. Þátttakan eykst jafnt og þétt allt frá stofnun skákdeildar árið 2004. Æfingarnar eru ókeypis og einstaklega skemmtilegar. Þær höfða til allra aldurshópa. Áberandi er hversu margir þátttakendur á skákæfingum finna sig betur í skákinni en í hefðbundnum íþróttum. "Skák er skemmtileg" er kjörorð skákdeildar Fjölnis.

Umsjón með skákæfingum Fjölnis árið 2022 hafði Helgi Árnason formaður skákdeildar sem hefur sinnt því verkefni allt frá stofnun deildarinnar árið 2004. Að skákþjálfun komu auk Helga þau Jóhann Arnar Finnsson, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Héðinn Steingrímsson, Sóley Kría Helgadóttir, Aron Örn Hlynsson, Arnar Gauti Helgason og Sveinbjörn Pétur Guðmundsson. Eiríkur Emil Hákonarson í 7. bekk Húsaskóla var kjörinn æfingameistarai vetrarins fyrir góða æfingasókn og árangur á skákmótum æfingatímabilsins. Hrafndís Karen Óskarsdóttir í 5. bekk Rimaskóla var kjörin afreksmaður skákdeildarinnar veturinn 2021 – 2022 fyrir góða frammistöðu á skákmótum með skáksveitum Rimaskóla og Skákdeild Fjölnis. Á lokaæfingu í maí var öllum þátttakendum boðið upp á pítsur í boði Foreldrafélags Rimaskóla, verðlaun

foreldrafélagsins fyrir allan þann fjölda sigra og verðlaunagripa sem unnist höfðu um veturinn einkum meðal nemenda Rimaskóla.

Helgi Ólafsson skólastjóri Skákskóla Íslands bauð tvívegis á árinu upp á skáknámskeið í Rimaskóla fyrir áhugasama Fjölniskrakka. Þessi námskeið voru afar vel sótt og vinsæl meðal þátttakenda.

Skákdeild Fjölnis í samstarfi við Frístundamiðstöðina Gufunesbæ hélt fjölmennt Vetrarleyfisskákmót í Hlöðunni Gufunesbæ. Um 50 krakkar mættu til leiks og í lok mótsins voru afhent 20 verðlaun og öllum þátttakendum að sjálfsögðu boðið upp á skúffuköku.

Skákskóli Íslands undir stjórn Helga Ólafssonar bauð grunnskólastúlkum upp á 5 mótaröð hraðskákmóta fyrir grunnskólastúlkur og voru fjögur þeirra haldin á árinu. Um og yfir 20 stúlkur tóku þátt í mótunum og um 75% þátttakenda á mótunum voru Fjölnisstelpur. Þær voru að standa sig afar vel og unnu til ferðavinninga og áskriftar að vefsíðunni Chess.com og Chessable kennsluefninu.

Síðari hluti Íslandsmóts skákfélaga 2021 - 2022 var haldið í Egilshöll dagana 3. – 6. mars. Eins og oftast frá árinu 2007 þá sá Skákdeild Fjölnis um að hýsa mótið sem um 350 skákmenn tóku þátt í. Ungar skákkonur í Fjölni héldu utan um veitingareksturinn líkt og í fyrri hlutanum í okt. 2021.

Fjölnismenn sendu 3 skáksveitir til leiks á Íslandsmótinu. A sveitin hefur undanfarin ár alltaf verið í fremstu röð og tefldi í nýstofnaðri Úrvalsdeild 6 skáksveita. A sveitin stefndi á bronsið, 3. sæti og hélt því allt til síðustu umferðar en þá tefldi A sveitin við Taflfélag Reykjavíkur, efstu sveitina, og varð að vinna til að halda 3. Sætinu. TR varð hins vegar að sigra til að landa Íslandsmeistaratitlinum. Svo fór að TR vann með minnsta mun 4,5 - 3,5.

Ein skák skipti því máli v. 3. og 4. sætið og um hvaða lið hreppti Íslandsmeistaratitilinn.

B sveit Fjölnis tefldi í 2. deild. Þar setti Covid heldur betur strik í reikninginn því að helmingur sveitarinnar "lá í því" og Covid felldi Fjölni B niður um deild. Vinnum okkur örugglega upp til baka á næsta ári.

Í C sveitinni voru flestir skákmennsveitarinnar á grunnskólaaldri, krakkar sem fengu góað æfingu í kappskákum.

Á Sumarskákmót Fjölnis í Rimaskóla þann 28. apríl mættu 94 grunnskólakrakkar til þátttöku. Frábær mæting enda fjöldi vinninga og fríar veitingar í boði. Skákstjóri var Páll Sigurðsson. Stórmeistarinn Helgi Áss Grétarsson mætti á staðinn og tefldi fjöltefli við þátttakendur á meðan á skráningu stóð. Helgi Áss ávarpaði krakkana í upphafi mótsins og í framhaldinu fór fram jafnt og spennadi skákmót. Rótarýbikarana hlutu þau Eiríkur Emil Hákonarson, Silja Rún Jónsdóttir og Tristan Fannar Jónsson.

Skákdeildin naut stuðnings fyrirtækja og félagasamtaka við mótshaldið. Þar má nefna Rótarýklúbb Grafarvogs, Hagkaup, Gullnesti, SAM-bíóin, Jóa útheja og Bókabúðina Grafarvogi.

Með góðum stuðningi frá “Sumarborgin 2022” og í samstarfi við Skákskóla Íslands, bauð Skákdeild Fjölnis tæplega 40 skákfélögum deildarinnar upp á ókeypis skákbúðir í Vestmannaeyjum helgina 7. og 8. maí. Gist var í grunnskólanum en öll kennsla fór fram í félagsheimili Taflfélags Vestmannaeyja. Skákdeildin bauð krökkunum upp á veislumat á veitingastaðnum Gott í hádeginu báða dagana.

Skákkennarar voru ekki af verra taginu, þeir Helgi Ólafsson stórmeistari og Björn Ívar Karlsson skákkennari Rimaskóla. Þeim til aðstoðar voru þeir Jóhann Arnar Finnsson frá Fjölni og Kristján Dagur Jónsson TR.

Tíminn í Eyjum var vel nýttur til skákkennslu og skákmóta. Meðal annars var haldið Hraðskákmót stúlkna, annað af þeim fimm sem sett voru á. Krakkarnir sem voru á aldrinum 8 - 14 ára nýttu tímann mjög vel og bættu við þekkingu sína í skákbyrjunum og endatafli.

Skipuleggjandi og fararstjóri skákbúðanna var Helgi Árnason formaður skákdeildar Fjölnis. Gunnlaugur Egilssson stjórnarmaður ók rútunni og tíu foreldrar sem komu með í ferðina veittu góða aðstoð.

Skákdeild Fjölnis stóð fyrir Miðgarðsmótinu í Grafarvogi í 18. skipti í samstarfi við þjónustumiðstöðina Austur. Mótið var haldið á sjálfan þjóðhátíðardaginn 17. júní sem einnig var haldinn hátíðlegur sem Grafarvogsdagurinn 2022. Mótið fór fram við bestu aðstæður í Hlöðunni Gufunesbæ og var opið öllum grunnskólanemendum. Alls tóku 26 krakkar þátt í mótinu. Keppt var í þremur flokkum, þar af tveimur stúlknaflokkum. Sigurvegarar urðu þau Emilía Embla B. Berglindardóttir, Tristan Fannar Jónsson og Walter Robert Clarkson. Allir þátttakendur þáðu ókeypis veitingar og heiðraðir með verðlaunapeningi.

Grænlandssjóður valdi í ár að styrkja Skákdeild Fjölnis til að heimsækja höfuðstað landsins Nuuk og efna þar til skákviðburða. Þeir Helgi Árnason formaður Skákdeildar Fjölnis og FIDE meistarinn Róbert Lagermann skipulögðu þétta dagskrá viðburða í samstarfi við Nils Christian Skou formann skákfélagins í Nuuk. Með þeim Helga og Róbert voru í leiðangrinum þau Sóley Kría, Aron Örn og Arnar Gauti, öll eru nemendur

í 9. bekk. Flogið var með vél Icelandair til Nuuk og við komuna tók Geir Oddsson aðalræðismaður Íslands á Grænlandi á móti hópnum og bauð þeim gistingu í ræðismannsbústaðnum.

Fjölnishópurinn mætti á skákæfingar hjá skákklúbbnum í Nuuk þar sem Róbert Lagermann sinnti fræðslu og lagði fyrir skákþrautir. Hópurinn heimsótti ASK grunnskólann og bauð þar upp á taflmennsku og skákkennslu. Örtröð nemenda myndaðist strax við skákborðin og færri áhugasamir komust að en vildu.

Skákdeild Fjölnis og Skákklúbburinn í Nuuk efndu til skákviðburða á torgi verslunarmiðstöðvarinnar Nuuk Center á laugardegi og sunnudegi.

Loks var komið á heimsókn á byggingarsvæði ÍSTAK sem í miðbæ Nuuk reisir mikið byggingarmannvirki er hýsa mun grunn-og leikskóla auk þess að þar verður menningarmiðstöð bæjarrins staðsett.

Úti á byggingarsvæðinu var komið fyrir töflum og skellt á skákmóti milli Fjölnis-ungmenna og starfsmanna Ístaks. Táknrænn viðburður - því að draumur grænlenskra skákáhugamanna er að við nýja skólann verði skákkennsla sett á námskrá. Til að fylgja skákkennslu í skólum eftir gengu þeir Helgi, Róbert og Nils Christian á fund Lone Nukaaraq Möller fræðslustjóra sem sýndi skákinni mikinn áhuga og fékk hún afhenda drög að námskrá sem unnin var í samstarfi þessarra tveggja landa.

Sextán félagar frá Skákdeild Fjölnis tóku þátt í helgarskákmótinu Kvibergsspelen 2022 sem haldið var dagana 30. september – 2. október. Skákdeild Fjölnis hefur allt frá árinu 2012 boðið ungmennum deildarinnar ókeypis þátttöku á skákmótum í Svíþjóð og notið til þess styrkja frá Skáksambandi Íslands og Svensk-isländska samarbetsfonden.

Fjölnishópurinn var tvískiptur. Annars vegar reynslumiklir skákmenn og skákkonur á þrítugsaldri og hins vegar stúlknahópur á barnaskólaaldri.

Fyrri hópurinn, tefldi í aðalflokki mótsins og náðu fimm þeirra að hækka sig umtalsvert á stigum. Stúlknahópurinn ungi er ekki minni afrekshópur. Þetta eru stelpurnar úr

Rimaskóla sem unnu alla flokka í Reykjavíkur-og Íslandsmóti grunnskóla í stúlknaflokki á síðasta vetri.

Fararstjóri hópsins var Helgi Árnason formaður Skákdeildar Fjölnis. Hann naut aðstoðar foreldra úr stúlknahópnum.

Á umdæmisþingi Rótarý á Íslandi 8. október veitti Helgi Árnason formaður skákdeildar Fjölnis og umsjónarmaður skákstarfs í Rimaskóla viðtöku viðurkenningu Verðlauna-og styrktarsjóðs Rótarýhreyfingarinnar, heiðursskjal og 500.000 kr. fjárstyrkur sem nýtist vel í öflugu barna-og unglingastarfi.

Rótarý Grafarvogur hefur á undanförnum árum stutt skákstarfið í hverfinu gríðarlega vel, gefið skákdeildinni verðlaunagripi og taflsett.

A sveit Fjölnis tók þátt í EM skákfélaga í Austurríki dagana 2. – 10.

Hverja sveit skipa 6 skákmenn og voru það þeir Jesper Söndergård Thybo, Robert Ris, Dagur Ragnarsson, Sigurbjörn J. Björnsson, Róbert Lagermann og Jóhann Arnar Finnsson sem tefldu fyrir hönd Fjölnis. Á EM gefur hver sigur 2 stig, jafntefli 1 stig og tap 0 stig. Frammistaða Fjönismanna var góð þó að heppnin hafi ekki alveg fylgt stigaskoruninni. Þrjár viðureignir töpuðust með minnsta mun 2,5 - 3,5. Sveit Fjölnis endaði með 7 stig eða helming stiga. Einn sigur til viðbótar hefði fleytt sveitinni í 17. sæti en Fjölnismenn voru nr 37 í styrkleikaröðinni.Skákveit Fjölnis hlaut flesta vinninga íslensku skáksveitanna á mótinu sem fram fór í Týrólabænum Mayrhofen.

Skákdeild Fjölnis hýsti fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga 2022 – 2023 við mjög góðar aðstæður í íþróttasal Egilshallar. Egilshöll er mikið mannvirki sem hýsir margs konar starfsemi. Skákdeild Fjölnis sendi þrjár skáksveitir til keppni. A sveit í Úrvalsdeild, B sveit í 3. deild og C sveit í 4. deild.

Liðsmenn eru flestir uppaldir Grafarvogsbúar ungir að árum sem halda tryggð við Fjölni og formanninn.

Skáksveit Fjölnis A situr í 5. – 6.. sæti Úrvalsdeildar eftir fyrri hluta mótsins og stefnir er að því að styrkja sveitina fyrir síðari hlutann og tryggja Fjölnismönnum áframhaldandi Úrvalsdeildarsæti. Bestum einstaka árangri A sveitar náði Litháinn ungi Valery Kazakouski með 4 vinninga af 5 mögulegum eða 80% árangur.

Íslandsmót ungmenna í skák U8 – U16 var haldið í Miðgarði í Garðabæ í desember. Þrátt fyrir óhagstætt veður þá fjölmenntu Fjölniskrakkar á mótið og unnu tvo Íslandsmeistaratitla. Það voru þær Sigrún Tara Sigurðardóttir U10 og Margrét Einarsdóttir U8 sem unnu sína flokka á Íslandsmótinu.

Taflfélag Reykjavíkur stóð fyrir Atskákkeppni taflfélaga dagana 7. og 8. nóvember. Fjölnismenn mættu til leiks með A og B sveit. Mótið var jafnt og spennandi frá upphafi til enda. A sveitin okkar endaði í 5. sæti og ung B sveit í 11. sæti.

Íslandsmót Barna-og unglingasveita í skák var haldið í Miðgarði Garðabæ 26. nóvember. Skákdeild Fjölnis sendi flestar skáksveitir til leiks eða 8 talsins, 33 þátttakendur. Tvær skáksveitir Fjölnis komust á verðlaunapall og var önnur þeirra kornung sveit drengja í 1. – 2. bekk.

Í lok ársins, voru þau Jóhann Arnar Finnsson og Lisseth Acevedo Mendez Sigurðardóttirdóttir heiðruð af aðalstjórn Umf. Fjölnis sem afreksfólk skákdeildar árið 2022. Jóhann Arnar var á árinu virkur á skákmótum hér á landi og erlendis. Hann tefldi fyrir hönd Fjölnismanna á EM skákfélaga í Austurríki í sterkri skáksveit Fjölnis og vann sér inn fast sæti í A sveit Fjölnis sem teflir í Úrvalsdeild á Íslandsmóti skákfélaga.

Lisseth tefldi með íslenska kvennalandsliðinu á Ólympíuskákmótinu í Chennaiá Indlandi og vann auk þess kvennaflokkinn á Alþjóðlega helgarskákmótinu í Kvíbergsspelen í Gautaborg í byrjun október.

Fundir í stjórn skákdeildar Fjölnis voru fáir á árinu. Stjórnarmeðlimir komu að einstaka verkefnum skákdeildarinnar. Skákdeildin fékk sinn árlega rekstrarstyrk frá ÍTR sem er deildinni nauðsynlegur við ókeypis barna-og unglingastarf og til þátttöku á Íslandsmóti skákfélaga. Stjórn ÍTR fær sérstakar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning. Skákdeild Fjölnis vill einnig þakka starfsfólki og aðalstjórn Umf. Fjölnis fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Loks ber að þakka húsverði Rimaskóla, skólastjórnendum og síðast en ekki síst eldhústarfsfólki skólans fyrir afnot að húsnæði og gómsæta skúffuköku á hverri skákæfingu.

Reykjavík, 17. janúar 2022

Helgi Árnason formaður skákdeildar Fjölnis

SUND

Á aðalfundi sunddeildarinnar í febrúar 2022 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Aníka Lind Björnsdóttir, formaður
- Ágúst Guðmundsson, varaformaður
- Jón Ágúst Guðmundsson, gjaldkeri
- Jón Hákon Halldórsson, ritari

Ný stjórn hóf starfsárið á því að halda fyrsta sundmótið eftir afléttun samkomutakmarkana eftir Covid-19 í mars. Mótið fór frábærlega fram, með 430 keppendum, fullri stúku og mikilli stemningu og var þetta stærsta félagamót ársins.

Á vormánuðum ákvað Ragnheiður Runólfsdóttir yfirþjálfari deildarinnar að segja upp samningi sínum og þar af leiðandi ekki snúa heim til Íslands og þjálfa eins og upphaflega var samið um. Því stóð stjórn frammi fyrir þeirri ákvörðun að endurskoða afrekstarfið og leggja í þá vinnu að finna yfirþjálfara. Birkir Örn sem sá um þjálfun afrekshópsins í fjarveru Ragnheiðar sagði einnig skilið við deildina í lok tímabilsins. Eftir mikla umhugsun var sú ákvörðun tekin að sunddeild Fjölnis leitaði til samstarfs við Sundfélagið Ægi um æfingasamstarf á afreksstigi. Það var stjórninni ofarlega í huga að búa til öruggt æfingaumhverfi þar sem sundmenn fengu bæði aukin félagsskap, auknar áskoranir og þjálfun þar sem þau gætu bætt sig. Þetta samstarf hófst á nýju tímabili, haustið 2022. Samstarfið hefur reynst sundmönnum vel og ekki síður nýjum yfirþjálfara okkar, sem hefur lært mikið af og fengið mikinn stuðning frá þjálfarateymi Ægis.

Þjálfarar

Snemmsumars var Kristinn Þórarinsson ráðinn yfirþjálfari deildarinnar til næstu þriggja ára, en hann hafði áður þjálfað A, B, C og D hópa félagsins. Hans ráðning var byggð á góðri reynslu hans með aldurshópa sem synda í útilaug Grafarvogslaugar og náði hann góðum árangri með hópana á síðasta tímabili. Hans starf felst einnig í því að byggja upp deildina í samráði við þjálfara sundskóla.

Fadel A. Fadel sem var með okkur í sundskólanum á síðasta tímabili, var ráðinn áfram þjálfari í sundskóla en hann þurfti frá að hverfa af persónulegum ástæðum í haust. Það var mikið áfall fyrir deildina að hann skyldi hætta og stóðum við frammi fyrir því að geta ekki boðið uppá sundskóla fyrst um sinn á nýju tímabili. Heppnin var þó með okkur og í hans stað voru ráðin þau Viktor Emil Sigtryggsson, Herdís Birna Viggósdóttir og Ingvar Orri Jóhannsson sem skiptu með sér kennslunni. Viktor lét svo af störfum um áramótin vegna anna í námi. Enn leitar Sunddeildin því að þjálfara eða þjálfurum til að styrkja sundskólann enn frekar.

Mótamál

Iðkendur í sunddeildinni tóku að venju þátt í fjölmörgum mótum á starfsárinu og má t.a.m. nefna Reykjavíkurmeistaramótið sem var haldið í Laugardal, Bikarmeistarmót, Íslandsmeistarmótið í 50m laug. Einnig eru Akranesleikarnir haldnir árlega fyrstu helgina í júní. Akranesleikarnir eru síðasta mót tímabilsins fyrir þá sem ekki ná inn á Aldursflokkameistaramót Íslands og er því mikil uppskeruhátíð fyrir marga iðkendur 12. ára og yngri. Aldursflokkameistaramót Íslands 14 ára og yngri - AMÍ - fór fram í Reykjanesbæ í lok júní og áttum við 6 keppendur sem náðu lágmarki á það mót. Þar af voru tvær í flokki 10 ára og yngri, þær Sóley Helga Sigfríðardóttir og Áróra Mjöll Jónsdóttir. Þess má geta að allir keppendur náðu á verðlaunapall þar sem verðlaun eru gefin fyrir efstu 6 sætin í hverri grein.

Sumarstarf

Sumarnámskeiðin okkar voru haldin með sama sniði og undanfarin ár, þar sem Kristinn yfirþjálfari sá um uppsetningu og kennslu. Við réðum inn til aðstoðar krakka frá deildinni og úr vinnuskólanum og gekk það vonum framar.

Iðkendamál

Allir iðkendur í afrekshópnum okkar náðu lágmörkum inn á ÍM25 sem haldið var í Ásvallalaug í Hafnarfirði. Þau stóðu sig með stakri prýði á því móti og má nefna að Coco Margaret Johanson hafnaði í 3. sæti í tveimur greinum af 7 greinum sem hún keppti í.

Í maí fóru A og B hópur útilaugar í æfingaferð til Vestmannaeyja, þar sem börninu æfðu með sundfólki úr ÍBV. Í september tók hópur Fjölnisbarna svo þátt í Sprengimóti Óðins á Akureyri. Þar gistu börnin saman í skólastofu í Brekkuskóla og myndaðist góð stemning í hópnum og vináttubönd styrktust.

Sundfólk úr Fjölni náði prýðilegum árangri á árinu. Álfrún Lóa Jónsdóttir sló Fjölnismet í 50, 100 og 200 metra bringusundi í 25 metra laug. Karen Sif Helgadóttir var valin í Framtíðarhóp Sundsambands Íslands. Stigahæstu sundmenn ársins voru Kristján Gylfi Þórisson og Coco Margaret Johansson.

Garpahópur var starfræktur með óbreyttu sniði á starfsárinu. Þrjár konur voru í hópnum en upp úr áramótum hættu þær allar. Hópurinn verður því ekki starfandi á vorönn 2023.

Sunddeildin hefur fengist við fjölmörg verkefni á starfsárinu. Við létum af formennsku í Sundráði Reykjavíkur með því að halda Reykjavíkurmeistarmótið. ÍFR tók við keflinu að þessu sinni. Aðventumótið okkar árlega var haldið í byrjun desember og var vel sótt. Boðið var uppá nýja boli fyrir mótið, bæði fyrir iðkendur og foreldra og stuðningsfólk, og er markmiðið okkar að hafa stúkuna okkar gula á öllum mótum sem við tökum þátt í. Þetta markmið byrjar vel og voru margir sem keyptu sér boli og mættu.

Hrönn Harðardóttir og Lilja Dögg Ármannsdóttir höfðu umsjón með fjáröflun fyrir Sunddeildina sem fram fór í haust. Það er stjórninni mikill stuðningur að hafa öflug foreldrastarf í deildinni og erum við ákaflega þakklát þeim fyrir framlag sitt. Þátttaka foreldra í starfi Sunddeildarinnar er til fyrirmyndar og er vaxandi. Megi sú þáttaka vaxa áfram enda er hún einn af hornsteinum öflugrar starfsemi deildarinnar.

Heilt yfir hefur iðkendum deildarinnar fækkað og eru ýmsar ástæður þess valdandi. Það fækkaði töluvert úr afrekshópnum okkar eftir að Ragnheiður ákvað að segja samningi sínum lausum við deildina og æfingasamstarf Ægis var opinberað. Þá voru einhverjir sundmenn sem ákváðu að hætta að synda og sinna öðru á meðan aðrir færðu sig á milli félaga. Uppbygging í sundskóla og útlaugarhópum hefur ekki gengið eins vel og til var vonast, en þar er fyrst og fremst þjálfaraskortur sem stýrir því. Heilt yfir er þjálfaraskortur í sundgreininni á landinu öllu og því er sunddeild Fjölnis ekki ein í þeirri stöðu. Við erum þó bjartsýn á að komandi tímar verði góðir og deildin á svo sannarlega inni gott uppbyggingarstarf.

Fyrir hönd stjórnar,

Aníka Lind Björnsdóttir

Formaður sunddeildar Fjölnis.

TENNIS

Á aðalfundi tennisdeildarinnar í febrúar 2022 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Óskar Knudsen, formaður
- Carola Frank
- Sigríður Sigurðardóttir
- Sindri Snær Svanbergsson
- Reynir Eyvindarson

Fjármál

Eins og undanfarin ár fara nokkurn veginn allar tekjur tennisdeildarinnar sem koma frá æfingagjöldum í að greiða laun þjálfaranna. Gjöld sem greidd eru af æfingahúsnæði eru greidd af Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Aðstöðumál

Starfsemi Tennisdeildar Fjölnis fer að mestu leiti fram í Tennishöllinni í Kópavogi, þar sem eru þrír teppalagðir vellir og tveir vellir með hörðu undirlagi. Síðasta sumar fóru æfingar fram á tennis völlum Þróttar í Laugardal. Þar voru námskeið fyrri hluta dags fyrir yngstu iðkenndur en síðdegis æfingar fyrir unglinga og meistaraflokk.

Mikil aðsókn var að æfingum allt árið og erum við mjög aðþrengd með æfingaaðstöðu. Úr þessu þarf að bæta og þurfum við fleiri tíma síðdegis og á kvöldin á virkum dögum. Einnig þarf að færa æfingaþungann af helgum á virka daga.

Æfingar

Eins og síðastliðina áratugi er Carola Frank aðalþjáfari deildarinnar en ásamt henni þjálfa þau Sindri Snær Svanbergsson og Anna Podolskaia (sem byrjaði aftur eftir langt hlé) Irka Cacicedo Jaroszynski (sem einnig keppir með meistaraflokksliði Fjölnis) og Birkir Gunnarsson. Lamar Bartley sá um sumarnámsskeið barna á Þróttarvöllum í Laugardal. Alana Elín Steinarsdóttir stjórnaði þrek æfingum og Daníel Ísak Steinarsson (gestaþjálfari og íþrótta ráðgjafi) starfaði í nóvember og desember.

Farsóttin

Starfsemi deildarinnar raskaðist lítið þetta árið og vonandi er þessum kafla lokið.

Framtíðarhorfur

Enn stendur yfir umræða á vegum ÍBR um hvernig hægt er að koma því til leiðar að sköpuð verði aðstaða til tennisæfinga og keppni í Reykjavík. Þar er helst horft til þess að byggja 4 til 6 valla hús í Laugardal.

Ljóst er að nú er verulega tekið að þrengja að okkar æfingum í Tennishöllinni í Kópavogi og þarf nú þegar að fjölga þar tímum. Við fengum einn auka tíma til viðbótar haustið 2022 (þ.e. einn völl í eina klst.) það var völlur 3 milli kl. 9:30 og 10:30 á laugardögum. Við höfðum lengi beðið þess að Tennishöllin stækkaði því að fyrir

stækkunina var enginn möguleiki á að fá fleiri tíma. Það furðulega er að eftir stækkun hefur verið mun meiri auking í aðsókn en stækkuninni nemur. Við höfum fengið fleiri tíma (um 30% fleiri) en iðkennafjöldinn hefur vaxið mun meira en það. Á sama tíma hefur t.d. TFK fengið mun meiri aukingu (eða 58%).

Nú ber samt svo við að Íþróttabandalagi Reykjavíkur er gert að fækka tímum Reykjavíkurfélaganna í Tennishölinni um 10% á árinu 2023. Þetta setur deildina í verulegan vanda. Við fengum þessar fréttir þann 13. febrúar síðastliðin þannig að öll námsskeið okkar voru komin í fullan gang. Þessi skerðing á þessu ári kemur því öll niður á haustmisseri 2023. Við erum afar ósátt við að þurfa að skerða æfingatíma í Tennishöllinni og teljum að nær hefði verið að auka við æfingatíma okkar þar, enda er ekki enn komin margboðuð aðstaða í Reykjavík.

Starfsemi deildarinnar raskaðist nokkuð vegna lokana á Tennishöllinni. Mörgum mótum var aflýst og æfingar gátu ekki farið fram. Þrátt fyrir það hefur gengið vel að fá fólk aftur á völlinn og þátttaka er nú mun meiri en fyrir farsótt.

Framtíðarhorfur

Enn stendur yfir umræða á vegum ÍBR um hvernig hægt er að koma því til leiðar að sköpuð verði aðstaða til tennisæfinga og keppni í Reykjavík. Þar er helst horft til þess að byggja 4 til 6 valla hús í Laugardal.

Ljóst er að nú er verulega tekið að þrengja að okkar æfingum í Tennishöllinni í Kópavogi og þarf nú þegar að fjölga þar tímum. Við fengum einn auka tíma til viðbótar haustið 2022 (þ.e. einn völl í eina klst.) það var völlur 3 milli kl. 9:30 og 10:30 á laugardögum. Við höfðum lengi beðið þess að Tennishöllin stækkaði því að fyrir stækkunina var enginn möguleiki á að fá fleiri tíma. Það furðulega er að eftir stækkun hefur verið mun meiri auking í aðsókn en stækkuninni nemur. Við höfum fengið fleiri tíma (um 30% fleiri) en iðkennafjöldinn hefur vaxið mun meira en það. Á sama tíma hefur t.d. TFK fengið mun meiri aukingu (eða 58%).

Nú ber samt svo við að Íþróttabandalagi Reykjavíkur er gert að fækka tímum Reykjavíkurfélaganna í Tennishölinni um 10% á árinu 2023. Þetta setur deildina í

verulegan vanda. Við fengum þessar fréttir þann 13. febrúar síðastliðin þannig að öll námsskeið okkar voru komin í fullan gang. Þessi skerðing á þessu ári kemur því öll niður á haustmisseri 2023. Við erum afar ósátt við að þurfa að skerða æfingatíma í Tennishöllinni og teljum að nær hefði verið að auka við æfingatíma okkar þar, enda er ekki enn komin margboðuð aðstaða í Reykjavík.

TEAM SPORT, PUMA OG FJÖLNIR STERK SAMAN

margt smátt

Team Sport

PUMA

SÍMI: 5 700 900

prooptik
gleraugu

KÍKTU VIÐ OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!
PROOPTIK - SPÖNGINNI

UPPSKERUHÁTIÐ

Hefð er fyrir því að velja íþróttakarl og konu ársins úr öllum deildum félagsins sem skarað hefa fram úr á árinu í sinni grein og eru þeim veittar viðurkenningar fyrir sín afrek. Samhliða athöfninni hefur farið fram val á Fjölnisfólki ársins, eða sjálfboðaliðum ársins. Fjölnismaður ársins er sá sem hefur verið sérstaklega eljusamur og ósérhlífinn að vinna fyrir félagið og hefur skarað fram úr í vinnu fyrir félagið að öðrum ólöstuðum. Einnig voru veitt gull- og silfurverðlaun til sjálfboðaliða úr hverri deild. Venjan hefur verið að veita þau verðlaun á aðalfundi deildanna en ákveðið var að gera þetta með þessum hætti og gekk það mjög vel. Athöfnin var haldin í annað sinn í Keiluhöllinni í Egilshöll þann 15. desember þar sem íþróttafólk, Fjölnismaður ársins og gull- og silfurmerkjahafar tóku við verðlaunum. Jón Karl formaður Fjölnis setti athöfnina og flutti Regína Ósk tónlistaratriði fyrir gesti. Vel var mætt en um 100 manns voru viðstaddir athöfnina. Við þökkum Gunnari Jónatanssyni fyrir að taka myndbönd af athöfninni sem og ljósmyndurunum Baldvini Erni Berndsen og Þorgils G fyrir að mynda viðburðinn.

Fjölnismaður ársins 2022

Stjáni Rafns, eins og við köllum hann, er sá sem hefur verið lengst í kringum starfið af þeim sem nú eru að starfa við deildina. Þó að Stjáni hafi ekki verið formlega í stjórn er óhætt að fullyrða að verðmæti hans framlags sé engu síðra en annarra. Leikirnir sem Stjáni hefur dæmt án endurgjalds í yngri flokka starfinu verða seint fyllilega taldir en alltaf hefur hann verið klár í slaginn þegar til hans hefur verið leitað. Hann hefur verið duglegur að mæta á leiki meistarflokkanna og missir nánast aldrei af heimaleikjum þar sem hann hjálpar til við uppsetningu og tiltekt auk þess að taka að sér að vera á kústinum í leikjum. Ekkert í starfinu er Stjána óviðkomandi og hann alltaf tilbúinn að hjálpa til. Að auki hefur Stjáni keyrt meistaraflokkana báða í ófáar keppnisferðir, hvort sem er til Ísafjarðar, Akureyrar, Egilsstaða eða Hafnar í Hornafirði í öllum tegundum af veðrum og vindum.

Íþróttafólk ársins 2022

Íþróttakarl ársins 2022 var Sigurður Ari Stefánsson. Sigurður Ari eða Siggi átti glæsilegt fimleikaár. Sigurður Ari varð Íslandsmeistari unglinga í fjölþraut í áhaldafimleikum. Þar sigraði hann með yfirburðum auk þess að vinna gullverðlaun á fimm áhöldum af sex í keppni á einstökum áhöldum. Á árinu var Sigurður einnig valinn til þátttöku í fjölmörgum erlendum verkefnum á vegum Fimleikasambands Íslands. Meðal annars Evrópumóti unglinga, Norðurlandamóti unglinga og Ólympíuleikum æskunnar. Sigurður hefur nú fært sig yfir í Gerplu þar sem hann mun halda áfram sinni fimleikaiðkun undir handleiðslu landsliðsþjálfara Íslands og óskum við honum alls hins besta og hlökkum við til að fylgjast með honum í framtíðinni.

Íþróttakona ársins 2022 var Dagný Lísa Davíðsdóttir. Dagný Lísa Davíðsdóttir var valin mikilvægasti leikmaður Subway deildar kvenna á síðasta tímabili þar sem hún leiddi Fjölni til deildarmeistaratitils, þess fyrsta hjá félaginu í boltagreinum í efstu deild. Einnig var hún valin í A-landslið Íslands á síðasta tímabili. Dagný Lísa er framúrskarandi leikmaður en ekki síður góður karakter sem nýtur virðingar liðsfélaga sem ekki er síður mikilvægt í hópíþróttum.

Íþróttafólk ársins

Fimleikadeild

- Fimleikakarl: Sigurður Ari Stefánsson
- Fimleikakona: Lilja Katrín Gunnarsdóttir

Frjálsíþróttadeild

- Frjálsíþróttakarl: Bjarni Anton Theódórsson
- Frjálsíþróttakona: Vilhelmína Þór Óskarsdóttir

Handknattleiksdeild

- Handboltakarl: Óðinn Freyr Heiðmarsson
- Handboltakona ársins: Þyri Erla Sigurðardóttir

Íshokkídeild

- Íshokkíkarl ársins: Martin Simanek
- Íshokkíkona ársins: Kolbrún Garðarsdóttir

Karatedeild

- Karatekarl ársins: Gabríel Sigurður Pálmason
- Karatekona ársins: Eydís Magnea Friðriksdóttir

Knattspyrnudeild

- Knattspyrnukarl ársins: Lúkas Logi Heimisson
- Knattspyrnukona ársins: Elvý Rut Búadóttir

Körfuboltadeild

- Körfuboltakarl ársins: Karl Ísak Birgisson
- Körfuboltakona ársins: Dagný Lísa Davíðsdóttir

Listskautadeild

- Listskautakona ársins: Júlía Sylvía Gunnarsdóttir

Skákdeild

- Skákkarl ársins: Jóhann Arnar Finnsson
- Skákkona ársins: Lisseth Acevedo Méndez

Sunddeild

- Sundkarl ársins: Kristján Gylfi Þórisson
- Sundkona ársins: Coco Margaret Johansson

Tennisdeild

- Tenniskona ársins: Saulé Zukauskaité

Silfurmerkjahafar

- Gunnar Bjarnason
- Álfheiður Sif Jónasdóttir
- Helga Ásdís Jónasdóttir
- Ágúst Jónsson
- Hans Liljendal Karlsson
- Halldór Torfi Pedersen
- Róbert Línberg Runólfsson
- Margrét Theodórsdóttir
- Páll Haraldsson
- Ester Hlíðar Jensen
- Sigríður Þórdís Pétursdóttir
- Sif Ólafsdóttir
- Magnús Ingi Björnsson
- Guðleif Hafdís Indriðadóttir
- Hjörleifur Þórðarson
- Marinó Þór Jakobsson
- Olga Björney Gísladóttir
- Kristján Rafnsson
- Eva Björg Bjarnadóttir
- Styrmir Böðvarsson
- Ágúst Guðmundsson
- Rakel Hákonardóttir

Gullmerkjahafar

- Þorgrímur H. Guðmundsson
- Þorgils Garðar Gunnþórsson
- Laufey Jörgensdóttir
- Trausti Harðarson
- Anna Podolskai

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG
EGILSHÖLLIN

FRAMTÍÐ HVERFISINS

Hverfi 8 - Hamrar, Foldir, Hús, Rimar, Borgir, Víkur, Engi, Spöng, Staðir, Höfðar, Bryggjuhverfi, Geirsnef, Gufunes og Geldinganes. Hverfið markast af Elliðaám, syðri kvísl, Vesturlandsvegi, sveitarfélagmörkum að Mosfellsbæ og sjó.

Á næstu árum mun rísa nýtt hverfi á Keldum og Keldnaholti en ríkið afsalaði sér landinu árið 2022 með formlegum hætti til Betri samgangna ohf. í gær. Skipulagsvinna hefst strax á næsta ári en svæðið er sagt vera álíka stórt og miðborg Reykjavíkur.

Landið sem um ræðir er samanlagt 116 hektarar og miðar allt skipulag að því að þar rísi byggð og þjónusta ítengslum við lagningu borgarlínu sem mun liggja í gegnum þetta nýja hverfi.

Þetta eru hverfin okkar samkvæmt samningi Fjölnis við Reykjavíkurborg en þar stendur að Fjölnir þjónusti Grafarvog og nágrenni.

Hverfaskipting í Reykjavík skv aðalskipulagi

Gufunes

Þetta er hverfi inni í stærsta hverfi höfuðborgarinnar. Hér búa um 30.000 manns í Grafarvogi. Gufunes er einstök náttúruperla. Við erum með hafið, við erum með eyjarnar og mikil landgæði. Þetta hverfi getur orðið eitt mest spennandi hverfi í Reykjavík.

Höfðinn

Rekstur og þjónusta íþróttafélags er mjög mikilvægur hlekkur í þeim innviðum sem þarf til að þjónusta íbúa og er Fjölnir tilbúið að taka móti nýju hverfi strax.

Mikilvægt er að vinna alla framtíðar-innviðauppbyggingu hjá Fjölni með tilliti til þeirra áforma sem eru komin í gang á okkar þjónustusvæði. Þetta mun meðal annars hafa það í för með sér fjárhagslegt hagræði fyrir Reykjavíkurborg þar sem nýting og mannfjöldi á bakvið keppnismannvirki verða meiri og mannauður í Fjölni nýtist betur.

Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og félagsmanna í Ungmennafélaginu Fjölni.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Ungmennafélagsins Fjölnis vegna ársins 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila með það að markmiði að aðstoða Ungmennafélagið Fjölni við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir ársreikningnum.

Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum. Kópavogur, 15. mars 2023

Deloitte ehf.

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur UMF Fjölnis árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og deilda þess, sem voru 12 í lok ársins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 967 millj.kr. á árinu. tap af rekstrinum nam 5,9 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 202 millj.kr. í lok ársins 2022. Eigið fé í lok ársins nam 126,2 millj.kr.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélagsins Fjölnis koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélagsins Fjölnis staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. mars 2023

Í stjórn

Jón Karl Ólafsson (sign)
formaður

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir (sign)
varaformaður

Guðlaug Karlsdóttir (sign)
Gjaldkeri

Jósep Grímsson (sign)
Ritari

Gunnhildur Einarsdóttir (sign)
meðstjórnandi

Hreinn Ólafsson (sign)
meðstjórnandi

Olga Björney Gísladóttir (sign)
meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri

Guðmundur L. Gunnarsson (sign)

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	Samstæða 2022	Samstæða 2021	Aðalsjóður 2022	Aðalsjóður 2021
Rekstrartekjur					
Framlög og styrkir		474.429	397.229	437.922	425.800
Tekjur af mótum		39.636	30.148	2.730	1.456
Æfingagjöld		274.553	263.687	5.792	4.274
Aðrar tekjur		178.958	230.013	72.061	98.873
Rekstrartekjur samtals		967.577	921.078	518.504	530.403
Rekstrargjöld					
Laun og verktakagreiðslur	3	(429.959)	(427.077)	(76.643)	(77.274)
Styrkir til deilda		0	0	(71.535)	(124.371)
Þátttaka í mótum		(116.840)	(65.752)	(17.103)	(1.979)
Mannvirkjakostnaður		(323.010)	(305.926)	(309.812)	(296.102)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(10.723)	(12.188)	(7.095)	(8.380)
Annar rekstrarkostnaður		(85.039)	(69.341)	(35.166)	(19.552)
Rekstrargjöld samtals		(965.570)	(880.283)	(517.354)	(527.658)
Rekstrarhagnaður (tap)		2.006	40.795	1.150	2.746
Fjármunatekjur	4	664	206	154	37
Fjármagnsgjöld	4	(8.629)	(6.399)	(2.349)	(676)
		(7.965)	(6.139)	(2.194)	(639)
Hagnaður (tap) ársins		(5.959)	34.601	(1.044)	2.107

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Efnahagsreikningur 31.12.2022

Eignir		Samstæða		Aðalsjóður	
	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	5	133.214	135.624	129.017	131.304
Aðrar óefnislegar eignir.....	6	3.550	4.100	0	0
Áhættufjármunir og langtímakröfur.....		100	100	100	100
		136.864	139.824	129.117	131.404
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur.....	7	65.973	66.235	37.271	46.185
Handbært fé.....	7	0	15.055	0	15.055
		65.973	81.290	37.271	61.240
Eignir		202.837	221.114	166.388	192.643
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé	8				
Óráðstafað eigið fé.....		126.233	134.712	123.094	124.138
Eigið fé		126.233	134.712	123.094	124.138
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	9	52.525	66.965	19.214	49.068
Skuldir við lánastofnanir.....	9	24.080	19.437	24.080	19.437
		76.605	86.405	43.294	68.505
Skuldir		76.605	86.405	43.294	68.505
Eigið fé og skuldir		202.837	221.114	166.388	192.643

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Yfirlit deilda árið 2022

	Aðal-sjóður	Knatt-spyrnu-deild	Sund-deild	Fimleika-deild	Hand-knattleiks-deild	Frjáls-íþrótta-deild	Karate-deild	Tennis-deild	ÍAF-deild	Skák-deild	Körfu-knattleiks-deild	Hokkí-deild	Listskauta-deild	Samtals	Milli-færslur	Samtals
Rekstrartekjur																
Framlög og styrkir	432.247	20.719	237	899	6.742	2.123	0	110	0	3.605	3.311	2.350	550	472.892	(4.138)	468.755
Aðalstyrktaraðilar / úthlutað til deilda	5.674	31.510	0	1.000	13.050	0	0	0	0	0	22.100	0	0	73.334	(67.660)	5.674
Félags- og æfingagjöld	5.792	71.806	15.809	84.960	14.651	10.185	7.503	6.237	0	0	20.875	11.791	24.945	274.553	0	274.553
Húsaleiga á íþróttamannvirki	0	0	0	0	0	0	0	4.606	0	0	0	0	0	4.606	0	4.606
Mótatekjur	2.730	9.073	2.406	12.415	3.225	1.810	13	0	0	84	4.114	2.797	969	39.636	0	39.636
Lottó og getraunir	0	417	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	417	0	417
Fjáraflanir	16.453	36.816	51	8.037	2.993	1.623	8	4	0	96	6.491	7.781	3.930	84.283	0	84.283
Tekjur af félagaskiptum	0	19.923	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	19.923	0	19.923
Aðrar tekjur	55.607	4.079	640	1.704	4.796	220	37	0	0	416	1.052	856	323	69.729	0	69.729
	518.504	194.343	19.142	109.016	45.456	15.961	7.560	10.957	0	4.200	57.943	25.575	30.717	1.039.374	(71.797)	967.577
Rekstrargjöld																
Laun, orlof, dagpeningar	62.400	6.897	1.358	73.382	1.740	7.093	2.251	0	0	0	6.761	5.100	15.512	182.494	0	182.494
Ökutækjastyrkur	880	360	0	1.290	400	0	840	0	0	0	0	318	655	4.743	0	4.743
Launatengd gjöld	13.364	1.998	254	14.960	231	1.399	474	0	0	0	1.370	916	3.147	38.112	0	38.112
Verktakagreiðslur	0	111.522	12.440	1.467	31.394	1.936	1.771	7.279	0	68	25.725	5.479	5.530	204.610	0	204.610
Kostnaður vegna keppenda og þjálfara	1.528	3.519	125	93	1.930	0	0	0	0	50	2.716	425	216	10.601	0	10.601
Greiðslur vegna félagaskipta	0	1.826	0	0	236	0	0	0	0	0	2.860	1.095	0	6.018	0	6.018
Leikja/mótakostnaður og sérsambönd	14.997	18.127	1.027	5.246	4.164	731	433	68	0	2.638	7.233	2.628	308	57.600	0	57.600
Ferðakostnaður	2.105	24.395	82	8.684	4.626	1.505	180	0	0	1.724	5.243	5.807	4.888	59.240	0	59.240
Búningar og merkingar	0	5.567	334	12	657	191	530	107	0	0	326	1.954	320	9.999	0	9.999
Áhöld og tæki	805	929	62	220	929	919	67	100	0	0	96	173	82	4.382	0	4.382
Styrkir til deilda	71.535	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	71.535	(71.535)	0
Rekstur húsnæðis og valla	309.812	1.817	0	1.135	390	0	0	4.606	0	0	4.481	769	0	323.010	0	323.010
Sjoppa á leikvöllum	1.307	1.365	26	40	158	0	0	0	0	0	759	2.213	156	6.023	0	6.023
Sími, prentun og skrifstofukostnaður	7.095	1.702	182	1.073	0	63	0	0	0	0	462	35	111	10.723	0	10.723
Kostnaður vegna fjáröflunar	16.229	9.546	11	1.835	409	525	0	0	0	252	810	148	166	29.931	0	29.931
Námskeið og annar kostnaður	15.298	997	306	1.007	42	175	0	1	0	0	0	0	259	18.083	0	18.083
	517.354	190.570	16.205	110.445	47.306	14.537	6.546	12.160	0	4.732	58.842	27.062	31.348	1.037.105	(71.535)	965.570
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	1.150	3.773	2.938	(1.429)	(1.849)	1.424	1.014	(1.204)	0	(532)	(899)	(1.487)	(631)	2.268	(262)	2.006
Vaxtatekjur	154	144	32	204	21	16	29	0	0	4	33	17	8	664	0	664
Vaxtagjöld	(2.349)	(1.508)	(389)	(1.503)	(535)	(204)	(77)	(105)	0	(10)	(1.345)	(242)	(361)	(8.629)	0	(8.629)
Afkoma ársins	(1.044)	2.410	2.580	(2.728)	(2.363)	1.235	966	(1.309)	0	(538)	(2.211)	(1.712)	(984)	(5.697)	(262.051)	(5.959)

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Yfirlit deilda árið 2022

	Aðal-sjóður	Knatt-spyrnu-deild	Sund-deild	Fimleika-deild	Hand-knattleiks-deild	Frjáls-íþrótta-deild	Karate-deild	Tennis-deild	ÍAF-deild	Skák-deild	Körfu-knattleiks-deild	Hokkí-deild	Listskauta-deild	Samtals	Milli-færslur	Samtals
Eignir																
Fastafjármunir	129.017	2.142	0	1.894	0	161	0	0	0	0	0	0	0	133.214	0	133.214
Óefnislegar eignir	0	3.550	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3.550	0	3.550
Eignarhlutur í öðrum félögum	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100	0	100
Viðskiptakröfur	25.179	15.930	1.870	9.448	6.122	485	99	264	0	0	4.826	674	1.078	65.973	0	65.973
Kröfur á aðrar deildir	12.092	18.352	9.146	15.225	0	15.602	6.147	0	237	4.359	0	1.114	0	82.274	(82.274)	0
Kortakröfur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bankainnstæður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	166.388	39.973	11.015	26.567	6.122	16.247	6.246	264	237	4.359	4.826	1.788	1.078	285.111	(82.274)	202.837
Skuldir og eigið fé																
Eigið fé	123.094	16.067	9.581	14.828	(39.574)	14.084	6.198	(644)	237	4.161	(18.382)	(902)	(2.516)	126.233		126.233
Skuldir við lánastofnanir	24.080	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	24.080	0	24.080
Skuldir við aðrar deildir	0	0	0	0	39.830	0	0	341	0	0	10.876	0	714	51.760	(51.760)	0
Viðskiptaskuldir	5.948	1.695	600	5.646	2.862	1.452	0	12	0	198	2.731	1.584	1.044	23.772	0	23.772
Ýmsar skammtímaskuldir	13.266	22.212	835	6.093	3.004	711	48	555	0	0	9.601	1.106	1.836	59.266	(30.514)	28.753
	166.388	39.973	11.015	26.567	6.122	16.247	6.246	264	237	4.359	4.826	1.788	1.078	285.111	(82.274)	202.837

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Yfirlit deilda árið 2021

	Aðal-sjóður	Knatt-spyrnu-deild	Sund-deild	Fimleika-deild	Hand-knattleiks-deild	Frjáls-íþrótta-deild	Karate-deild	Tennis-deild	ÍAF-deild	Skák-deild	Körfu-knattleiks-deild	Hokkí-deild	Listskauta-deild	Samtals	Milli-færslur	Samtals
Rekstrartekjur																
Framlög og styrkir	417.681	15.356	765	37	2.381	1.879	0	0	0	2.425	4.344	801	412	446.081	(56.970)	389.110
Aðalstyrktaraðilar / úthlutað til deilda	8.119	33.864	0	0	12.034	0	0	0	0	0	18.900	2.112	1.000	76.030	(67.911)	8.119
Félags- og æfingagjöld	4.274	69.787	16.770	84.714	17.137	10.591	5.707	5.010	0	0	19.851	11.446	18.401	263.687	0	263.687
Húsaleiga á íþróttamannvirki	0	0	0	0	0	0	0	4.117	0	0	0	0	0	4.117	0	4.117
Mótatekjur	1.456	8.542	1.548	7.387	4.937	902	0	0	0	0	3.674	1.261	442	30.148	0	30.148
Lottó og getraunir	0	893	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	893	0	893
Fjáraflanir	3.426	33.604	1.612	4.622	3.419	910	152	0	0	224	3.886	7.325	1.361	60.540	0	60.540
Tekjur af félagaskiptum	0	11.572	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	11.572	0	11.572
Aðrar tekjur	95.447	0	3.750	22.201	9.153	3.891	745	1.120	0	0	9.915	2.668	4.000	152.891	0	152.891
	530.403	173.618	24.446	118.961	49.061	18.173	6.604	10.247	0	2.649	60.569	25.613	25.615	1.045.959	(124.881)	921.078
Rekstrargjöld																
Laun, orlof, dagpeningar	62.703	15.384	1.102	79.409	1.645	8.258	2.181	0	0	0	4.486	5.100	15.235	195.502	0	195.502
Ökutækjastyrkur	893	360	0	1.578	220	0	770	0	0	0	0	318	505	4.644	0	4.644
Launatengd gjöld	13.529	3.461	387	16.393	216	1.557	448	0	0	0	777	825	3.082	40.675	0	40.675
	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
Verktakagreiðslur	0	93.796	15.052	2.110	31.835	678	987	5.067	0	105	28.124	5.311	3.190	186.256	0	186.256
Kostnaður vegna keppenda og þjálfara	150	4.172	0	393	2.408	0	482	0	0	0	2.169	423	133	10.330	0	10.330
Greiðslur vegna félagaskipta	0	1.632	0	0	300	0	0	0	0	0	2.603	675	0	5.210	0	5.210
	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
Leikja/mótakostnaður og sérsambönd	58	16.148	1.278	3.630	4.934	787	738	144	0	1.461	6.514	1.463	1.027	38.183	0	38.183
Ferðakostnaður	1.922	12.502	917	221	915	383	0	0	0	355	4.731	4.964	659	27.569	0	27.569
	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
Búningar og merkingar	217	3.750	446	1.291	2.487	689	572	72	0	0	1.364	4.197	333	15.417	0	15.417
Áhöld og tæki	1.306	1.178	0	474	651	28	52	15	0	0	174	238	270	4.385	0	4.385
	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
Styrkir til deilda	124.371	0	0	0	383	0	0	0	0	0	0	0	0	124.753	(124.753)	0
	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
Rekstur húsnæðis og valla	296.102	0	0	571	0	0	0	4.117	0	0	3.670	1.396	69	305.926	0	305.926
	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
Sjoppa á leikvöllum	0	644	0	47	0	0	0	0	0	0	50	0	17	757	0	757
Sími, prentun og skrifstofukostnaður	8.380	2.117	318	252	309	82	0	0	0	0	447	104	180	12.188	0	12.188
Kostnaður vegna fjáröflunar	3.788	5.632	1.475	253	540	150	0	14	0	181	669	241	475	13.419	0	13.419
Námskeið og annar kostnaður	14.240	3.063	757	1.266	174	50	0	0	0	22	24	97	128	19.821	0	19.821
	527.658	163.839	21.732	107.889	47.016	12.661	6.231	9.429	0	2.124	55.803	25.353	25.302	1.005.037	(124.753)	880.283
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	2.746	9.779	2.714	11.071	2.045	5.512	373	818	0	525	4.766	260	313	40.923	(128)	40.795
Vaxtatekjur	37	73	4	13	40	7	3	0	0	1	21	2	3	206	0	206
Vaxtagjöld	(676)	(1.402)	(510)	(1.454)	(554)	(223)	(52)	(157)	0	(2)	(1.002)	(166)	(201)	(6.399)	0	(6.399)
Afkoma ársins	2.107	8.451	2.208	9.631	1.531	5.296	323	661	0	525	3.785	97	115	34.729	(127.855)	34.601

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Yfirlit deilda árið 2021

	Aðal-sjóður	Knatt-spyrnu-deild	Sund-deild	Fimleika-deild	Hand-knattleiks-deild	Frjáls-íþrótta-deild	Karate-deild	Tennis-deild	ÍAF-deild	Skák-deild	Körfu-knattleiks-deild	Hokkí-deild	Listskauta-deild	Samtals	Milli-færslur	Samtals
Eignir																
Fastafjármunir	131.304	2.337	0	1.782	0	201	0	0	0	0	0	0	0	135.624	0	135.624
Óefnislegar eignir	0	4.100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4.100	0	4.100
Eignarhlutur í öðrum félögum	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100	0	100
Viðskiptakröfur	25.988	19.395	1.349	8.922	2.375	446	110	256	0	0	5.415	395	825	65.475	0	65.475
Kröfur á aðrar deildir	19.437	8.871	5.925	10.267	0	12.792	5.227	409	237	4.725	0	719	0	68.608	(68.608)	0
Kortakröfur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur	760	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	760	0	760
Bankainnstæður	15.055	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	15.055	0	15.055
	192.643	34.702	7.274	20.971	2.375	13.440	5.337	665	237	4.725	5.415	1.114	825	289.722	(68.608)	221.114
Skuldir og eigið fé																
Eigið fé	124.138	14.207	7.000	17.556	(34.978)	12.849	5.232	665	237	4.700	(16.170)	810	(1.532)	134.711	0	134.711
Skuldir við lánastofnanir	19.437	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	19.437	0	19.437
Skuldir við aðrar deildir	0	0	0	0	33.050	0	0	0	0	0	14.652	0	1.909	49.610	(49.610)	0
Viðskiptaskuldir	2.367	1.956	181	1.186	1.407	347	29	0	0	25	96	68	259	7.921	0	7.921
Ýmsar skammtímaskuldir	46.701	18.539	92	2.229	2.897	244	76	0	0	0	6.838	236	190	78.042	(18.998)	59.044
	192.643	34.702	7.274	20.971	2.375	13.440	5.337	665	237	4.725	5.415	1.114	825	289.722	(68.608)	221.114

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar

1. **Starfsemi**

   Ungmennafélagið Fjölnir er íþrótta- og æskulýðsfélag í Grafarvogi, Reykjavík, með starfsemi í 12 deildum. Félagið skiptist í aðalsjóð, fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, karatedeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, skákdeild, sunddeild, tennisdeild hokkídeild og listskautadeild.

2. **Reikningsskilaaðferðir**

   Grundvöllur reikningsskilanna

   Samstæðuársreikningur Ungmennafélagsins Fjölnis fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

   Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

   Mat og ákvarðanir

   Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

   Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings aðalsjóðs og ársreikninga deilda sem eru undir stjórn aðalstjórnar. Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, einkaleyfa og hugbúnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Laun og verktakagreiðslur

	Samstæða		Aðalsjóður	
	2022	2021	2022	2021
Laun og bifreiðastyrkur	187.237	200.147	63.289	63.595
Launatengd gjöld	38.112	40.675	13.364	13.529
Verktakagreiðslur	204.610	186.256	0	0
	429.959	427.077	76.643	77.124

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	Samstæða		Aðalsjóður	
	2022	2021	2022	2021
Vaxtatekjur	664	206	154	37
	664	206	154	37
Fjármagnsgjöld greinast þannig:				
Vextir og dráttarvextir	(8.629)	(6.399)	(2.349)	(676)
	(8.629)	(6.399)	(2.349)	(676)
	(7.965)	(6.193)	(2.194)	(639)

Fjárhæðir eru í þús. kr.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Samstæða	Mannvirki	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun.....	118.111	35.416	153.527
Eignfært á árinu.....	0	926	926
Staða í árslok.....	118.111	36.342	154.453
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun.....	0	17.903	17.903
Afskrift ársins.....	0	3.336	3.336
Staða í árslok.....	0	21.239	21.238.972
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun.....	118.111	17.513	135.624
Bókfært verð í árslok.....	118.111	15.103	133.214

6. Aðrar óefnislegar eignir

Samstæða	Eignfærð leikmannakaup	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun.....	4.100	4.100
Afskrifað á árinu.....	(550)	(550)
Staða í árslok.....	3.550	3.550
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun.....	4.100	4.100
Bókfært verð í árslok.....	3.550	3.550

Fjárhæðir eru í þús. kr.

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur:	Samstæða		Aðalsjóður	
	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
Innlendar viðskiptakröfur....	65.973	65.475	25.179	25.988
Aðrar kröfur.....	0	760	0	760
Kröfur á aðrar deildir	0	0	12.092	8.871
	65.973	66.235	37.271	35.618

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

	Samstæða		Aðalsjóður	
	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
Bankainnistæður í íslenskum krónum.....	0	15.055	0	15.055
	0	15.055	0	15.055

8. Eigið fé

Samstæða	Endurmats reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2021.....	6.200	91.537	97.737
Endurmat leikmanna.....	100	0	100
Aðrar breytingar.....	0	2.273	2.273
Tap ársins.....	0	34.601	34.601
Eigið fé 1.1.2022.....	6.300	128.412	134.712
Endurmat leikmanna	(550)	0	(550)
Aðrar breytingar.....	0	(1.970)	(1.970)
Hagnaður ársins.....	0	(5.959)	(5.959)
Eigið fé 31.12.2022.....	5.750	120.483	126.233

Fjárhæðir eru í þús. kr.

9. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir:	Samstæða		Aðalsjóður	
	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptaskuldir.....	23.772	7.921	5.948	2.367
Ýmsar skammtímaskuldir...	28.753	59.044	13.266	46.701
Skuldir við lánastofnanir.....	24.080	19.437	24.080	19.437
	76.605	86.403	43.294	68.505

10. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi 15. mars 2023

HAFIÐ
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

Spönginni 13
112 Reykjavík

Fiskborðin okkar eru full af ferskum fiski og girnilegum réttum.